ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS M/L

14. tbl. 5. árg 1976

VERÐ 100 kr.

Sjómenn! Fellum svika-samningana

SJÁ GREIN Á BLAÐSÍÐU 3

MÓTMÆLUM INNRÁSINNI Í TÉKKOSLOVAKÍU !

Aðfaranótt 21 ágúst 1968 réðust sovéskir skriðdrekar inn yfir landamæri Tékkoslovakiu. Eftir nokkurra daga átök höfðu þeir brotið á bak aftur alla mótstöðu, og handsamað leiðtoga tékknesku þjóðarinnar. Undir byssustyngjum sovétmanna voru þeir neyddir til að undirrita "samning" sem heimilaði "tímabundna" dvöl sovéska hersins í Tékkoslovakiu. Sú tímabundna dvöl hefur nú staðið í átta ár.

Með ríkisstjórn föðurlandssvikarans Gustav Husak sem skjöld hefur sovéska heimsvaldastefnan komið á fasískri stjórn í landinu. Tugir þúsunda heiðarlegra kommúnista sem ekki vildu una ofbeldisstjórn sovétmanna hafa verið reknir úr kommúnistaflokknum, og þúsundir hnepptir í fangelsi. Fangelsanir og pólitískar ofsóknir eru daglegt brauð í Tékkoslovakiu. Harðstjórn sovésku heimsvaldastefnunnar nær til allra sviða þjóðlífsins. Í gegnum "ráðunauta" sína stjórnar hernámsliðið ráðuneytunum, hernum, lögreglunni og vinnustöðvunum.

En andspyrna tékknesku alþýðunnar gegn innrásarliðinu fer stöðugt vaxandi. Hinir fjölmörgu fangelsisdómar fyrir "andsovéska starfsemi" tala sínu máli. Fréttir af skipulagðri andstöðu meðal verkamanna í CKD-Iðnaðarsvæðinu (Skoda) hafa borist út fyrir landamærin.

Tékknesk alþýða á fyrir höndum langa og harða baráttu gegn hernaðarlega öflugum fjandmanni. En hún mun rísa upp gegn föðurlandssvikaranum Husak á sama hátt og hún reis upp gegn föðurlandssvikaranum Hacha sem seldi land sitt í hendur þýska fasismanum árið 1938. Sovésku fasistarnir munu mæta sömu örlögum og Hitler.

Á Íslandi getum við stutt baráttu tékkneskrar alþýðu með því að vinna að því að afhjúpa sovétríkin og þau myrkraverk sem þau standa fyrir í Tékkoslovakiu og um allan heim. Við verðum að berjast gegn lygunum um að ástandið í Tékkoslovakiu sé eðlilegt og sýna fram á að sjálfstæði þjóðar er ekki eitthvað sem hægt er að vinna og tapa í sjúku uppskiptakapphlaupi heimsvalda ríkjanna, með risaveldin í broddi fylkingar. Við verðum að sýna að þjóðlegt sjálfstæði er eitt af því dýrmætasta sem nokkur þjóð getur átt, og grundvöllur þess að verkalýðsstéttin geti leyst gjörvallt þjóðfélagið úr ánauð með sósíalismanum.



Tékknesk æska var mjög virk í baráttunni gegn sovétska innrásarliðinu. Mótspyrnan tók á sig mörg form, allt frá skotbardögum til þess að rífa niður götumerkingar til að gera innrásarliðinu erfiðara fyrir.

Hernám Tékkoslovakiu, skipting Pakistan, fasistisering Indlands, flotauppbygging um öll heimsins höf, íhlutun í málefni Angóla. stórveldapólitík fyrir botni Miðjarðarhafs, allt ber þetta heimsvaldastefnu Sovétríkjanna vitni og sýnir svo ekki verður um villst að Sovétríkin eru í villtri baráttu við Bandaríkin um heimsyfirráð. Þessi barátta risaveldanna er í dag helsta ógnunin við heimsfriðinn.

Að berjast fyrir sjálfstæði og frelsi til handa Tékkoslovakiu er því liður í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni og fyrir varðveislu friðar.

Þess vegna hvetjum við alla til að taka undir kröfuna um að Sovétríkin fari út úr Tékkoslovakiu. Allir sem styðja baráttu tékka fyrir sjálfstæði eiga samleið í baráttunni gegn heimsvaldastefnu Sovétríkjanna

Sovétríkin út úr Tékkoslovakiu!

Fullan stuðning við frelsisbaráttu tékkneskrar alþýðu!

Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna!

Mótmælaaðgerðir 21. ágúst

Laugardaginn 21. ágúst n.k. mun Kommúnistaflokkur Íslands gangast fyrir mótmælaaðgerðum fyrir utan sovéska sendiráðið til að mótmæla innrásinni í Tékkoslóvakíu og hernámi landsins sem enn stendur. Tilgangur aðferðanna er að benda á að Sovétríkin eru í dag heimsvaldasinnað risaveldi sem skirrist ekki við að beita hernaðarofbeldi til að framfylgja arðránsstefnu sinni , og að vekja upp á Íslandi samstöðu með kúgaðri alþýðu A-Evrópu og Sovétríkjanna. Haldinn verður fundur fyrir utan sovéska sendiráðið kl. 2 og mun formaður KFÍ-/ML, Gunnar Andrésson, halda ræðu og borin verður upp til samþykktar mótmælayfirlýsing sem afhent verður í sendiráðinu.

Við skorum á einstaklinga og félagasamtök að lýsa yfir stuðningi við aðgerðirnar 21. ágúst og leggja þannig lóð á þær vogarskálar að afhjúpa Sovétríkin sem heimsvaldasinnað stórveldi

Verkföllin í Póllandi



Myndin: Verkamenn brenna flokksskrifstofur Kommúnistaflokksins í Stettin í uppreisninni 1970.

Verkalýðsstétt Póllands hefur í dag, eins og 1970 risið upp til baráttu gegn arðráni og kúgun endurskoðunnarstefnunnar, og stendur í dag í fararbroddi fyrir baráttu allra verkamanna A-Evrópu gegn kúgun sósíalheimsvaldastefnunnar. Þó verkföllin hafi enn sem komið er ekki verið mikil að umfangi, sýna þau svo ekki verður um villst að sá byltingareldmóður sem fyrst blossaði upp 1970 í baráttunni gegn hinni nýju borgarastétt Póllands og sovésku kúgurunum hefur magnast, og að endurskoðunnarstefnan er valtari í sessi en hún vill vera láta. Með baráttu sinni var pólska borgarastéttin þvinguð til að hætta við fyrirhugaðar verðhækkanir. Af hræðslu við að ástandið yrði verra en 1970, þar sem baráttan tók mjög ákveðna pólitíska stefnu, gaf borgarastéttin undan.

Sjá grein bls. 5.

Mjólkurbúðamálið

Brauða- og mjólkurbúðir eru þær búðir sem hver fjölskylda verslar í svo að segja daglega. En nú er svo komið að leggja á þessa nauðsynlegu þjónustu niður. Alþingi hefur, að undirlagi stórkaupmanna samþykkt að afnema einkasöluleyfi Mjólkursamsölunnar. Viðbrögð Samsölunnar við því eru þau, að hún hyggst loka búðum sínum, þar sem hún telur að ekki sé lengur rekstrargrundvöllur fyrir mjólkurbúðirnar. Hins vegar hefur ekkert verið gert til að koma á skipulagi í mjólkursölunni sem gæti leyst af þessar 53 mjólkurbúðir Samsölunnar. Það er því ljóst að þjónustan við neytendur mun versna mjög við breytinguna.

Breytingin hefur enn alvarlegri afleiðingar í för með sér fyrir afgreiðslustúlkurnar í mjólkurbúðunum. Um 160 konur missa þá atvinnu sína, og allt bendir til þess að fleiri réttindi þeirra verði skert - og þá sérstaklega hvað varðar lífeyrissjóð þeirra. Þegar fréttamenn STÉTTABARÁTTUNNAR fóru og spjölluðu við nokkrar kvennana kom í ljós að gífurleg óvissa ríkir í öllum málum þeirra, en ekki náðist í forsvarsmenn stéttarfélags þeirra (Félag afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum), til að fá nánar upplýsingar um gang mála.

Þar sem störf þeirra verða lögð niður er ljóst að flytja verður lífeyrissjóðinn og önnur réttindi þeirra yfir í önnur félög. Þetta er sérstaklega brýnt fyrir eldri konur sem koma til með að hætta störfum við lokunina og eru búnar að borga í sjóðinn í tugi ára, og einnig þær sem nú þyggja lífeyri frá honum.

Kaupmenn hafa gefið opinbert loforð fyrir því að þessar konur sitji fyrir um vinnu ef þeir bæti við sig starfsfólki næsta árið. Ljóst er að þetta tryggir þó engan veginn atvinnu fyrir þær í framtíðinni, og margar kvennanna sem unnið hafa þessi störf í langan tíma og eiga óhægt um breytingu á vinnutíma og vinnutilhögun.

ASÍ virðist ekki hafa í hyggju að taka upp mál þeirra sérstaklega, t.d. með því að skipuleggja stuðningsaðgerðir meðal annarra félaga ASÍ.

Rétt væri að félagskonur ASB hæfu þegar baráttu gegn þeirri réttindaskerðingu sem mun fylgja lokun búðanna, og fá almenning í lið með sér, t.d. með því að hefja undirskriftasöfnun gegn lokun búðanna. Það ætti að vera auðvelt, því megin þorri fólks vill hafa þessa þjónustu áfram.

Á blaðsíðu 3 eru viðtöl við nokkrar starfsstúlkur í mjólkurbúðum um þetta mál.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

Stéttabaráttan 14. tbl.
5. árg. 11.8.1976.

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega.
Pósthólf: Pósthólf 1357, Rvík.
Sími: 27810.
Ritstj. & ábm: Ólafur Ingólfsson
Gíró: 27810.

Eflum baráttuna gegn Sovésku sósíalheimsvaldastefnunni

Þann 21. ágúst eru 8 ár liðin síðan sovéskir skriðdrekar héldu innreið sína í Prag. Þá var hulunni svipt af hinu rétta eðli sovésku endurskoðunarstefnunnar og örvæntingarfull frelsisbarátta tékknesku þjóðarinnar opinberaði fyrir alheimi að sovéski "Rauði herinn" var ekki lengur tákn sigursins yfir nasistum, heldur arftaki blóðherja Hitlers. Brésneff-klíkan hikaði þá ekki við að brjóta frelsisviðleitni tékka á bak aftur með nöktu vopnavaldi, hernám Tékkóslóvakíu var í senn órækt vitni um stríðsfyrirætlanir sósíalheimsvaldasinnanna og viðvörun til austantjaldslandanna um að Sovétríkin myndu ekki þola sjálfstæða þróun þeirra eða vinslit við sig. Alþýða heimsins hefur ekki gleymt hetjulegu viðnámi tékkneskrar alþýðu, hún hefur ekki gleymt Jan Palach og félögum hans, sem hikuðu ekki við að fórna lífi sínu til að vekja samlanda sína til meðvitundar um nauðsyn 'vopnaðrar baráttu gegn sovésku innrásarherjunum. Jafnframt sýndu atburðirnir í Tékkóslóvakíu 1968, að sovésku kúgararnir munu ekki hörfa frá A-Evrópu nema fyrir byssustingjum. Það þarf alþýðustríð til að sigrast á glæpaherjum Sovétríkjanna og tryggja sigur verkalýðsins í A-Evrópu. Hinir örlagaríku atburðir í Prag fyrir 8 árum leiða hugan ósjálfrátt að þeirri frelsisbaráttu sem fram fer í Póllandi nú. Undir forystu Kommúnistaflokks Póllands (m-l) reis pólsk alþýða samhuga gegn tilraunum sovésku heimsvaldasinnanna og leppa þeirra í Gierek-stjórninni til að lögfesta stjórnarskrárákvæði þess efnis, að vináttan við Sovétríkin skyldi vera ævarandi. Efnahagsörðugleikar pólsku endurskoðunarsinnanna, sem valdið hafa mikilli verðbólgu og versnandi kjörum almennings, sýna að kapitalisminn hefur enn að nýju náð undirtökunum í efnahagslífi landsins.

Kommúnistaflokkur Íslands ml lýsir fullum stuðningi sínum við réttmæta og hetjulega baráttu verkamannanna í Varsjá, Radom og annars staðar og hvetur íslenska alþýðu til að virks stuðnings við frelsisbaráttu pólskrar alþýðu. Og pólskur verkalýður sker sig ekki úr nema hvað snertir fórnfýsi og hetjulund í baráttunni. Í Ungverjalandi, Búlgaríu A-Þýskalandi og Tékkóslóvakíu fer baráttan vaxandi þótt hún hafi enn ekki náð sömu útbreiðslu og styrk og í Póllandi. Jafnvel í Sovétríkjunum sjálfum eykst andspyrnan dag frá degi og sovésku sósíalheimsvaldasinnunum reynist örðugra en fyrr, að blekkja verkalýð heimalandsins til fylgis við hernaðaraðgerðir sínar. Það er skylda íslenskrar verkalýðsstéttar að styðja þessa baráttu með öllum ráðum og efla baráttuna hérlendis gegn útsendurum sósíalheimsvaldastefnunnar. Þeir sem hérlendis nefna sig andheimsvaldasinna, en lúta þó svo lágt, að þiggja heimboð hinna fasísku stjórna a-evrópuríkjanna, eru engir andheimsvaldasinnar. Þeir eru í sömu sporum og íslenskir þjóðernissinnar, sem gistu Hitlers-Þýskaland á fjórða áratugnum. Yfirlýsingum Þjóðviljans um að Alþýðubandalagið styðji Sovétríkin ekki verður ekki trúað, fyrr en blaðið tekur upp virka baráttu gegn grimmdarverkum sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar. Orð slíkra manna eru ómarktæk þegar haft er í huga, að AB-forystan er í nánum tengslum við Sovétríkin og tekur málstað þeirra í hvívetna.

Kommúnistaflokkur Íslands ml hvetur alla alþýðu til að sýna hug sinn til myrkraverka sósíalheimsvaldastefnunnar í Tékkóslóvakíu og Póllandi með því að taka þátt í fyrirhuguðum mótmælaaðgerðum við sovéska sendiráðið þann 21. ágúst næstkomandi.

Fullan stuðning við frelsisbaráttu tékkneskrar alþýðu!

Fordæmum kúgunaraðgerðir endurskoðunarsinna í Póllandi!

8/8

Gerist áskrifendur
að
STÉTTABARÁTTUNNI

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357, Rvík, einnig í síma 27810
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650, Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupstaður: Stuðningsdeild c/o Messíana Tómasdóttir, Miðhúsum.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10, Hellissandi.
Eiðar, S-Múl.: Stefán Jóhannsson.

Hvar geturðu keypt Stéttabaráttuna?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.
Bóksala stúdenta í Félagsstofnuninni v/ Hringbraut.
Einnig fæst blaðið nú í mörgum söluturnum.
Suðurnes: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Vestmannaeyjar: Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugsgerði.

VESTURLAND:
Hellissandur: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

NORÐURLAND:
Akureyri: Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23.
Siglufjörður: Söluturnin við Aðalgötu.
Húsavík: Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.

AUSTURLAND:
Neskaupsstaður: Messiana Tómasdóttir, Miðhúsum.

Íslenskir námsmenn erlendis.

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:
Oslo: Katrín H. Andrésdóttir, Sogn Studentby 1310, Oslo 8.

SVÍÞJÓÐ:
SOLNA: Magnús Sæmundsson, Kungshamra 23a, 17170, Solna.
LUNDUR: Jón Rúnar Sveinsson, Kämnarsvägen 5 D: 218 222 46 Lund.

DANMÖRK:
ÅRHUS: Magnús Þorgrímsson, Börglum Kollegiet v 444, Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

Kveðja til Chu Teh

Einn af mikilhæfustu leiðtogum kínverskrar alþýðu, Chu Teh marskálkur er látinn. Chu Teh var elskaður og virtur af kínverskri alþýðu fyrir óeigingjarnt starf í þágu byltingarinnar og fólksins. Hann var ásamt Maó formanni stjórnandi göngunnar löngu sem kínverski alþýðuherinn fór á árunum 1934-36, og á hinni 12.500 km. löngu leið stýrði hann frelsishernum fram hjá fjölmörgum hættum og til ótalinna sigra yfir herjum Kuo Min Tang. Í styrjöldinni gegn japönsku innrásarseggjunum vann hann marga og þýðingarmikla sigra á fjandmönnunum. Hann gekk í kínverska kommúnistaflokkinn árið 1922 og varð yfirhershöfðingi 8. fastahersins árið 1937. Á 4. þjóðþinginu 1975 var hann kjörinn forseti fastaráðs þjóðþingsins og gengdi þeim störfum til dauðadags.

Ævistarf félaga Chu Teh í þágu byltingarinnar og heimskommúnismans mun lifa í hjörtum allra sannra marx-lenínista. Við kveðjum félaga Chu Teh með söknuði og í þeirri vissu að lífsstarf hans verði áfram öllum byltingarsinnum hvatning til dáða.

Lifi minning félaga Chu Teh!



Myndin sýnir Mao Tsetung og Chu Teh er þeir unnu saman að gerð hernaðaráætlanna í frelsisstríðinu.









Nýkomnar eru í búðina byltingarsinnaðar hljómplötur frá norðurlöndum.

Einnig fyrstu bindin í ritsafni Stalíns.
Heildarsafn verka Leníns (Lenin Collected works), 45 bindi, er selt á góðum kjörum.

Lítið inn og kaupið.



VERKALÝÐSFORLAGIÐ hefur gefið út smábækling sem heitir

Gegn vinnulöggjöf auðvaldsins

Verkalýðsforlagið

Í inngangi að bæklingnum segir: "Þessi bæklingur fjallar um drög þau að frumvarpi um breytingar á núgildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem félagsmálaráðherra hefur látið semja. Í honum er gert grein fyrir helstu þáttum frumvarpsins, hvernig þessar fyrirhuguðu breytingar miða allar að því að efla og treysta völd borgarastéttarinnar, múlbinda verkalýðshreyfinguna og skerða sjálfsögð réttindi verkafólks til að semja um kaup sitt og kjör. Þá er og reynt að gera grein fyrir orsökunum að baki þessari nýju vinnulöggjöf, á hvern hátt íslenskur verkalýður hefur barist gegn öllum tilraunum ríkisvaldsins til að skerða rétt hans með löggjöf - og síðast en ekki síst er bent á þá leið, sem Kommúnistaflokkur Íslands m-l hyggst fara og hvetur allt verkafólk til að fara til að berjast gegn vinnulöggjöf auðvaldsins."

Við samningu bæklingsins var m.a. stuðst við greinar sem birst hafa í STÉTTABARÁTTUNNI um þetta mál.

Við viljum hvetja verkafólk til að kynna sér innihald bæklingsins og nota hann sem tæki til að koma af stað umræðum á vinnustöðum og innan fagfélaga um nauðsyn þess að berjast gegn nýrri vinnulöggjöf.

Verð bæklingsins er aðeins 150 krónur, og er hægt að kaupa hann hjá sölufólki Stéttabaráttunnar um land allt, og ennfremur hjá bókabúðinni Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15, Reykjavík.

Hlíf í Hafnarfirði: Besti þjónn ISAL

Fyrir nokkrum mánuðum komu forráðamenn Álversins að máli við verkamenn í Skautsmiðju og vildu fá þá til að samþykkja breytta vaktatilhögun. Áður höfðu verið tvískiptar vaktir í Skautsmiðju en nú vildu forráðamenn koma á þrískiptum vöktum þannig að unnið yrði allan sólarhringinn og um helgar. Það var mikil andstaða gegn þessu og menn töldu sig hafa rétt til að neita þessu, því samkvæmt ákvæði í samningum segir að ekki sé hægt að breyta vaktafyrirkomulagi nema verkamennirnir samþykki það. Trúnaðarmenn fóru með málið til Hlífar til að athuga hvernig Hlíf liti á málið. Þeir komu með þau orð til baka, að fyrirtækið hefði allan rétt til að breyta vöktum, og Hlíf gæti ekki treyst sér til að styðja okkur ef við neituðum að breyta vaktafyrirkomulaginu. Við myndum þá taka áhættu á að verða reknir, og aðrir ráðnir sem væru fúsir til að vinna á þrískiptum vöktum. Við það að Hlíf vildi ekki styðja okkur sundraðist samstaðan gegn vaktabreytingunni og við kusum heldur að hopa en að hætta á að menn yrðu reknir.

Síðan er algerlega gengið frá vaktabreytingunni, og menn undirrita ný ráðningarbréf á fundi með yfirmönnum og lögfræðingi fyrirtækisins. Undir lok fundarins er lögfræðingurinn spurður að því hvernig hann líti á það ákvæði samninganna að verkamenn geti neitað að breyta vaktafyrirkomulagi. Hann segir að hann geti ekki túlkað það öðruvísi en það standi: Að ef verkamenn vilji ekki samþykkja breytt vaktafyrirkomulag getur Hlíf fyrir hönd verkamanna neitað því, og þá taki breytingin ekki gildi. Við þessi orð lögfræðingsins rann upp fyrir mönnum ljós að Hlíf hafði túlkað samningana þannig að fyrirtækið hefði allan rétt til að reka okkur, og þannig sundrað samstöðu okkar. Lögfræðingur fyrirtækisins sagði okkur líka að Hlíf hefði einhverntíma lofað að standa aldrei í vegi fyrir vaktabreytingum ef þær væru gerðar af rekstrarnauðsyn, og það er ljóst að í þessu máli hefur Hlíf fórnað réttindum okkar til þess að standa við eitthvað munnlegt loforð gefið ÍSAL. En við skrifum þetta til að sýna mönnum að Hlíf stendur betri vörð um hagsmuni ÍSAL en lögfræðingur fyrirtækisins getur gert. Það hefðu einhverntíma þótt tíðindi að verkalýðsfélag hótaði fyrir hönd fyrirtækisins að ef starfsmenn væru ekki góðir yrðu þeir reknir, en forráðamenn fyrirtækisins yrðu til að benda á rétt verkamanna. En þetta hefur gerst, og við biðum ósigur. Við hvetjum verkamenn hjá ÍSAL til að draga lærdóm af þessu. Verkalýðsfélögin verða ekki að baráttutæki fyrr en bittlingalýðurinn sem þeim ræður í dag hefur verið hreinsaður út og heiðarlegir verkamenn teknir við þar.

-/nokkrir verkamenn í Skautsmiðju ÍSAL.

Sjómenn! Fellum svikasamningana

Allar sjómannadeildir og félög landsins utan sex felldu samningana nú í vor. Fagrar lýsingar og blekkingar forystunnar gátu ekki falið þá kjararýrnun sem þeim fylgdi. Lækkun skiptaprósentunnar var eitt þeirra atriða sem sjómenn höfnuðu algerlega, því hún þýðir aðeins aukið arðrán. Síðan þetta gerðist hafa þeir sjómenn sem felldu samningana verið í algerri óvissu um rétt sinn. Útgerðarmenn auk a. m. k. hluta forystuliðs verkalýðsfélaganna hafa reynt að halda því að sjómönnum að gömlu samningarnir séu nú ógildir eftir að búið er að segja þeim upp og hafa útgerðarmenn stundað það að bjóða sjómönnum þau "kostakjör" að láta þá róa upp á nýju samningana, þá sem sjómenn felldu. Í þessu máli afhjúpar forysta sjómannasamtakanna sig algerlega sem bandamann auðherranna. Hér er um að ræða túlkunaratriði sem forystan túlkar sjómönnum í óhag. En sú regla hefur yfirleitt gilt í slíkum tilfellum að laun eru greidd eftir gamla samningnum þar til nýr hefur verið undirritaður og kveðið á um gildistímabil hans. Útgerðarmenn vilja umfram allt borga eftir nýju samningunum þar sem Alþingi þeirra við Austurvöll hefur þegar "skorið niður sjóðakerfið" og nýtt og hærra fiskverð hefur verið ákveðið. Skiptaverðmæti aflans hefur því hækkað töluvert.

Þeir sjómenn sem felldu samningana eiga rétt á þessu hærra skiptaverðmæti en gömlu skiptaprósentunni. En í þessu máli hefur forystan algerlega svikið. Meðan þessi óvissa hefur ríkt um kjörin hefur hún




staðið í samningamakki við útgerðarmenn og farið sér heldur hægt. Nú næstum hálfu ári seinna kemur hún loks með undirritaðann kjarasamning sem á að gilda fyrir öll aðildarfélög Sjómannasambandsins. Atkvæðageiðslan verður sameiginleg og er áætlað að henni ljúki 21. ágúst.

Sjómenn hafa að sjálfsögðu ekki ennþá séð þessa afurð samningamakksins en það sem fram hefur komið í fjölmiðlum lofar ekki góðu. Ljóst er að samningurinn felur ekki í sér miklar breytingar á samningnum frá í vor. Þó mun hluti sjómanna fá um 1/2% hækkun á skiptaprósentu auk einhverrar hækkunar á kauptryggingu. Einnig hefur verið skýrt frá því að útgerðarmenn skuli ekki fá leyfi til að stela gróðanum af tollalækkun skv. bókun 6 framhjá skiptum.

Af ummælum sjómannaforystunnar t. d. Jón Sigurðssonar má ráða að þessir samningar muni ekki verða nein kjarabót fyrir stærstan hltua sjómanna á bátaflotanum. Forystan treystir auðsjáanlega á að samstaða og baráttuhugur sjómanna sé nú algerlega brostinn og þeir muni ekki þora að fella samningana vegna reynslunnar frá í vor. En þar skjátlast henni hrapalega. Það þarf meira til að brjóta niður stéttarvitund en svikula forystu. Skora ég hér með á alla sjómenn að hnekkja þessum svikaáformum forystunnar, fella samningana en krefjast þess í stað raunverulegra kjarabóta.

Rvk. 3.8. ´76.
sjómaður




"Kaupmenn gætu bundist samtökum um að hafa áhrif á mjólkurverð"



Guðrún Helgadóttir, vinnur í mjólkurbúðinni við Frakkastíg:

Ég tel að það verði mjög erfitt fyrir flestar okkar að fá aðra atvinnu - sérstaklega þar sem mikið er um eldri konur sem hafa unnið hjá MS í áratugi. ASB er búið að fá loforð frá kaupmönnum um að við göngum fyrir um atvinnu hjá þeim, en það er engin trygging fyrir því að þeir standi við það. Við erum flestar ánægðar með vinnuna og má þá sérstaklega nefna vinnutímann sem er þægilegur og kaupgreiðslur eru reglulegar. Það síðasta sem við höfum heyrt um þetta mál er að búðirnar verði lagðar niður eftir áramót, í kringum 1. febrúar. Ég hef ekki heyrt að ASB hyggist grípa til einhverra aðgerða, annars er þetta allt saman heldur óljóst ennþá.



Inga Dóra Jóhannesdóttir, vinnur í búðinni við Grenimel:

Ég hætti hérna e. t. v. í haust svo þetta kemur ekki beint við mig. Ég hef enn ekki hitt húsmæður sem eru hlynntar þessum breytingum, þó held ég að fólk geri sér ekki fulla grein fyrir því nú, hvað þetta hefur í för með sér. Ég bý t. d. uppi í Breiðholti: Það er engin mjólkurbúð nálægt mér, aðeins stór verslun sem sér um mjólkursölu. Ég fæ líka yfirleitt gamlan rjóma þar, þannig að ég býst fastlega við því að þjónustan við almenning versni. Þetta er nefnilega mjög viðkvæm vara, það er erfitt að meðhöndla hana, og ég er viss um að ekki er nógu vel fylgst með öllu í kringum hana í stóru verslununum, sbr. dæmið um rjómann.

Lilja Magnúsdóttir er húsmóðir, sem vinnur í afleysingum í sumar í búðinni við Grenimel:

Ég sé ekkert hagræði í þessu, hvorki hjá mér sem húsmóðir, né fyrir konurnar sem munu missa atvinnu sína. Ég veit ekki til að nokkur búð hér í nágrenninu geti tekið við mjólkursölunni. T.d. er búð hér við hliðina, en hún er of lítil til að kælir komist þar fyrir. Flestir sem koma hingað að versla hafa látið þá skoðun í ljós að þeir séu á móti því að mjólkurbúðunum verði lokað.



Svanhildur Agnarsdóttir er afleysingastúlka í búðinni við Háaleitisbraut:

Ég er á því að lokun búðanna sé mjög óæskileg, því þá geta kaupmennirnir hugsanlega haft áhrif á verð mjólkurinnar - jafnvel bundist samtökum um það. Það kemur fleira til að þetta er óæskilegt. Þar má nefna m. a. að mikið er um fullorðnar konur í búðunum sem eiga erfitt með að fá aðra vinnu, einnig er erfiðara með að uppfylla strangar þrifnaðarreglur í nýlenduvöruverslunum, en mjólkin er mjög viðkvæm fyrir slíku.



Þórunn Böðvarsdóttir og Jóhanna Viggósdóttir vinna í búðinni við Hagamel. Þórunn hafði eftirfarandi að segja um málið:

Mér finnst vera mikil óvissa í sambandi við þetta mál. Það er alltaf verið að breyta lokunartímanum, nú er sagt að það verði 1. febrúar. Við bíðum eftir uppsagnarbréfunum, svo við getum farið að leita að nýrri vinnu. Það verður mjög erfitt fyrir eldri konur. Ég er ekki farin að leita sjálf, a. m. k. ekki alvarlega. Það síðasta sem við heyrðum frá ASB um þetta, var á fundi um áramótin síðustu, en síðan hefur ekki verið haldinn fundur.

Þar komu fram miklar áhyggjur hvað varðar lífeyrissjóðinn. Konur á aldrinum 60-70 ára, sem búnar eru að borga í sjóðinn í 30 ár og hættar að vinna, gætu jafnvel misst réttindi ellilífeyrisþega, ef sjóðurinn verður ekki færður í annað félag. Ég veit ekki hvað félagið gerir í þessu, og hvort það gerir yfirleitt nokkuð.

-/ISJ, IH



SAMTÖK GEGN LOKUNINNI

Eftir að þessi grein var skrifuð hafa verið stofnuð samtök sem hafa það markmið að berjast gegn lokun mjólkurbúðanna. Þessi samtök voru stofnuð á fundi sem nokkrir einstaklingar úr hópi neytenda og starfsstúlkna úr mjólkurbúðum boðuðu til. Samtökin hafa boðað framhaldsaðgerðir og hvetjum við fólk eindregið til að styðja þær.

Viðtal við Daoud Kaloti fulltrúa PLO

Við munum sigra!

Athygli umheimsins beinist nú í æ ríkari mæli að löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Risaveldin og heimsvaldasinnarnir reyna að skara eld að sinni köku og eiga í harðri baráttu sín á milli. Jafnframt vex hinum framsæknu og framfarasinnuðu öflum í arabalöndunum fiskur um hrygg í baráttunni gegn yfirgangi zionisma og annari heimsvaldastefnu. Það eru palestínumenn sem standa þar í fremstu víglínu (bókstaflega og óbeint). En það eru ekki bara heimsvaldasinnarnir sem skelfast hina palestínsku byltingu, hin afturhaldssama yfirstétt í arabalöndunum sér sína sæng útbreidda og óttast um gróða sinn og völd. Þetta er meðal annars baksvið þess sem er að gerast í Líbanon þessa dagana. En það er ekki bara meðal arabískrar alþýðu sem stuðningur við palestínuaraba fer vaxandi. Á vesturlöndum ljúka æ fleiri upp augum fyrir því að málstaður hinna landræku palestínumanna gegn hinum ísraelska zionisma og heimsvaldastefnunni krefst fulls stuðnings allra framfaraafla.

Það er ein af ástæðunum fyrir því að hinn eini lögmæti fulltrúi palestínuaraba, samtökin PLO, opnuðu í vetur upplýsingaskrifstofu í Stokkhólmi. Blaðamaður Stéttabaráttunnar tók þar eftirfarandi viðtal við forstöðumann skrifstofunnar Daoud Kaloti, þann 13. júlí síðastliðinn:

Kaloti hóf viðtalið á því að lýsa yfir fyllsta stuðningi við baráttu íslendinga við breska og bandaríska heimsvaldastefnu. "Og" sagði Kaloti "við styðjum ekki bara baráttu ykkar, við tökum beinlínis þátt í henni. Palestínska byltingin hefur nefnilega tvær hliðar, jafnframt þjóðlegri baráttu um rétt til síns eigin lands, sjálfsákvörðunarréttar, frelsis og fyrir lýðræðislegu palestínsku ríki; þá er palestínska byltingin barátta gegn heimsvaldastefnu í hvaða mynd sem hún birtist, gegn yfirgangi og kúgun. Baráttan gegn heimsvaldastefnunni í Palestínu er stuðningur við baráttu íslendinga, eins og baráttan gegn heimsvaldastefnunni á Íslandi er stuðningur við baráttu palestínumanna."

Stb: Nú eru fjölmiðlar með stöðugar fréttir af blóðugum átökum í Líbanon. Hvert er baksvið þessara atburða, og geta palestínumenn og vinstri öflin unnið sigur yfir afturhaldsöflunum?

Kaloti: Við munum sigra, á því er ekki nokkur vafi. Við getum farið halloka um sinn, jafnvel orðið fyrir geigvænlegu tjóni, en við erum viðbúin öllu og erum viss um sigur í framtíðinni. Þjóð sem hefur verið svipt öllu, rekin í útlegð og rænd sínu eigin landi, þegar sú þjóð öðlast vitund um kraft sinn og rétt getur ekkert stöðvað hana. Alþýða arabalandanna verkalýðsstéttin og þjóðernissinnaðir menntamenn munu heldur aldrei leyfa að palestínska verði brotin á bak aftur.

En hvað varðar bakgrunn þess sem er að gerast. Í Líbanon er alls ekki um að ræða neins konar trúarbragðastyrjöld þótt ýmsir fjölmiðlar vesturlanda vilji halda því fram, vissulega eru helstu leiðtogar fasistanna, falangistanna, kristnir, en það kemur ekki í veg fyrir að margir kristnir berjist með vinstri öflunum.

En þessi styrjöld byggist heldur ekki á stéttarandstæðum í Líbanon, það er að vísu hárrétt að falangistarnir fá stuðning borgarastéttarinnar í baráttunni gegn verkalýðsstéttinni, alþýðunni og framfaraöflunum.

Nei, orsakirnar eru alþjóðlegar. Bandaríkin eru á niðurleið sem heimsveldi, þau eiga í miklum erfiðleikum með að viðhalda arðránsstöðu sinni. Fleiri og fleiri öfl rísa upp til baráttu fyrir sjálfstæði og rétti til að ráða yfir sínum eigin auðlindum. Sósíalísk og framfarasinnuð öfl fara ört vaxandi í Evrópu. Efnahagskreppa auðvaldslandanna vekur upp stöðugt nýja andstöðu og óánægju hópa, hergagnaiðnaðurinn í Bandaríkjunum verður að komast í gang aftur, annars dýpkar kreppan enn. Evrópulöndin eru ekki eins fylgisspök og áður og hefur jafnvel komið til alvarlegra efnahagsárekstra, milli Evrópu og Bandaríkjanna. Sovétríkin hafa orðið stöðugt áhrifameiri. En kjarni málsins er olían. Það er um yfirráðin yfir olíuauðlindunum sem baráttan stendur milli risaveldanna og heimsvaldalandanna. Vesturlönd verða sífellt háðari olíustreyminu frá löndum araba. Bandaríkin fá um 54%, Vestur-Evrópa 60-80% og Japan 90% af sinni olíu frá löndum araba. Það er því mikið í húfi hverjir ráða yfir þessari olíu og öllum brögðum er beitt.

Stb: En hvar kemur Líbanon og palestínuarabar inn í myndina?

Kaloti: Jú, andstaðan við heimsvaldastefnuna hefur vaxið gífurlega meðal araba undanfarin ár, þjóðnýtingar á olíulindum verið framkvæmdar í flestum arabalöndum og áhrif risaolíuhringanna hafa minnkað mikið. En það eru því sem næst eingöngu borgarastéttir þessara landa sem hafa setið að gróðanum, alþýðan hefur orðið að sitja álengdar. Nú eflast þau öfl sem krefjast réttlátari skiptingar þjóðarauðæfanna og berjast fyrir lýðræðislegum, sósíalískum þjóðfélögum. Barátta palestínuaraba hefur verið leiðarljós þessara afla og hættulegt fordæmi að mati afturhaldsaflanna. Palestínumenn hafa einnig lengi verið sérstakur þyrnir í augum bandarísku heimsvaldastefnunnar. Hún hefur því hvað eftir annað reynt að eyðileggja hin palestínsku byltingu í gegnum leppa sína í afturhaldsstjórnum bæði í Líbanon og Jórdaníu.

En palestínska byltingin er ekki neitt einangrað fyrirbæri. Hún er hluti af hinni arabísku byltingu, hún er framvarðarsveit hennar! Þess vegna sameinast síonistar, bandarískir heimsvaldasinnar og arabískir afturhaldsmenn um að reyna að knésetja hina palestínsku byltingu áður en hún hefur vaxið þeim yfir höfuð!

Eftir að stefna Henry Kissingers beið ósigur bæði í Afríku og í Indókína hefur hann einbeitt sér að miðausturlöndum. Hann hefur uppi ráðagerðir um að færa Bandaríkin fet fyrir fet aftur í þá aðstöðu sem þau höfðu á blómatíma heimsvaldastefnunnar. Sú leið átti að hefjast í Líbanon. Hún átti að hefjast með því að mola sundur andstöðuöflin, öfl palestínumanna. En þar misreiknaði CIA sig heldur betur. Þeir höfðu áætlað að falangistarnir (hægri menn) myndu vinna skjótan sigur, en veruleikinn varð algjör andstæða, hinn opinberi her Líbanon er uppleystur og að mestu genginn í lið með okkur, hinir áður sundurleitu hópar vinstri manna hafa snúið bökum saman og síðast en ekki síst, hin líbanska alþýða hefur snúist til fylgis við okkur.

Afturhaldið tapar fótfestu en byltingin sækir fram. Og það er þá sem Sýrland gerir innrásina.

Stb: Heldur þú að Bandaríkin hafi vitað um hana áður?

Kaloti: Já, alveg efalaust. Bandaríkin stóðu örugglega bakvið innrásina og Israel hefur einnig vitað um hana áður, því það er síonistunum mjög í hag að binda sveitir palestínumanna við varnir flóttamannabúða inni í Líbanon í stað þess að berjast inni í Ísrael.

En það er ófyrirsjáanlegt enn hvaða áhrif innrásin hefur á ástand mála í Sýrlandi. Allir raunverulegir þjóðernissinnar og andheimsvaldasinnar þar mótmæla innrásinni, þeir og öll arabísk alþýða munu ekki samþykkja að palestínska byltingin verði þurrkuð út.

Stb: En hvað um afstöðu Sovét til innrásarinnar?

Kaloti: Við höldum að Assad (Sýrlandsforseti) hafi leikið á rússa. Við höldum að þeir hafi ekki vitað hvað til stóð. Kosygin og Assad undirrituðu yfirlýsingu meðan á heimsókninni stóð, þar sem ma. var tekið fram, að vandamál sín yrðu líbanir að leysa sjálfir án íhlutunar annarra, einnig að tryggja yrði sjálfstæði Líbanon, og reyna að koma í veg fyrir óþarfa blóðsúthellingar. Við palestínuarabar erum sammála því að líbanir verðir að leysa sín eigin vandamál, en við erum líka andvígir öllum stórveldalausnum, þe. að risaveldin semji yfir höfðum fólks án þess að það fái neinu ráðið.

En við höldum sem sagt ekki að Sovét hafi verið með í ráðum um innrásina, enda fordæmdu þeir hana harðlega nokkrum dögum seinna og ítrekuðu stuðning sinn við palestínsku byltinguna.

Stb: Baráttan mun halda áfram?

Kaloti: Við berjumst af hörku, við höfum misst marga fallna og særða, við munum berjast áfram. Móti þessu bandaríska samsæri gegn palestínsku byltingunni, samsæri gegn öllum framfaraöflum í arabalöndum. Við, vinstri líbanir og palestínumenn lítum þessa baráttu sem sögulega nauðsyn, nauðsynlega til að sýna og sanna fyrir arabískri alþýðu að það borgar sig að taka upp baráttuna, að það er einungis hægt að vinna ef maður berst.

Einmitt núna eru hörðustu bardagarnir um flóttamannabúðirnar Tal al-Zaatar í Beirút. Þar hafa 20.000 flóttamenn, þar af nokkur þúsund vopnfærir karlmenn, barist gegn ofurefli liðs, fyrst einungis falangista en síðar einnig liðsstyrk Sýrlands. Í dag eru 22 dagar sem búðirnar hafa að mestu verið í herkví, um 6000 handsprengjum hefur verið varpað á búðirnar, í nótt sem leið gerðu falangistarnir innrásartilraunir um það bil þrisvar á mínútu. Og enn berjumst við. Reyndar erum við farin að tala um Tal al-Zaatar sem Stalíngrad, ekki vegna þess að búðirnar séu hernaðarlega mikilvægar, heldur vegna hins pólitíska og siðferðilega styrks sem þær veita okkur.

Stb: Og sýrlendingarnir berjast við hlið falangistanna?

Kaloti: Já, það er ekki bara í Tal al-Zaatar. Í dag hófu þeir árás ásamt falangistum á borgina Baalbac. Þar hefur alþýðan risið upp sem einn maður okkur til aðstoðar.

En þessi fasistaaðstoð stjórnar Sýrlands er ekki tekið með þegjandi þögninni heima fyrir. Miklar mótmælaaðgerðir hafa verið hafðar í frammi. Þúsundir á þúsundir ofan hafa verið fangelsaðar, því sem næst allir foringjar andstöðunnar hafa verið handteknir, samt halda mótmælin áfram. Innan sýrlenska hersins hefur einnig verið ólga vegna innrásarinnar. Í síðustu viku voru 9 flugmenn hengdir þegar þeir neituðu að varpa sprengjum á palestínskar flóttamannabúðir í Líbanon. Margir sýrlenskir hermenn hafa slegist í lið með okkur.

Assad og hans lið er að losna í stólunum. Fyrr eða síðar mun hann falla. En hann beitir öllum ráðum til að reyna að þagga niður andstöðuna. Hann hefur sent stórar sveitir hermanna og látið umkringja flóttamannabúðir palestínumanna í Damaskus. Enn hefur hann ekki látið til skarar skríða, en við erum við öllu búin. Við reynum að forðast ögranir, við viljum nota öll vopn gegn Ísrael og bandarísku heimsvaldastefnunni.

Stb: Að lokum vildi ég spyrja um annað atriði sem mjög hefur borið á góma undanfarið. Hver er afstaða PLO til flugrána sem pólitísks tækis?

Kaloti: PLO fordæmir flugvélarán. Við höfum alltaf verið á móti þeim. Við fordæmdum það fyrsta og við fordæmum það síðasta og öll þar á milli. Við erum algjörlega andvígir öllum slíkum aðgerðum sem hvergi snerta sjálfa baráttuna gegn síonismanum og heimsvaldastefnunni. Við erum andvígir því að leggja mannslíf í hættu að óþörfu. Reyndar er sennilegast að þetta síðasta flugrán hafi verið skipulagt af sýrlendingum að undirlagi CIA einmitt til að sverta PLO. Nú, þegar stöðugt fleiri eru farnir að sjá að barátta okkar er réttmæt, þá er þetta upplagt tæki til að reyna að stimpla palestínumenn sem glæpamenn og fjöldamorðingja. En ég fordæmi þetta flugvélarán af jafn miklum krafti og ég fordæmi árás ísraela á flugvöllinn í Uganda. Þeir brutu þar gegn öllum alþjóðalögum og reglum, og sýndu sig sem þá glæpamenn sem þeir eru. Reyndar sannaði þessi árás einnig það sem við höfum sagt, að síonismi er kynþáttastefna, þeir leggja allt undir til að bjarga hvítum mönnum, gyðingum, evrópumönnum, en láta eins og ekkert sé þótt það kosti nokkra tugi svartra manna lífið!

En það er einmitt innan Ísraels sem við höfum eignast nýjan bandamann. Það eru austurlandagyðingarnir, arabagyðingarnir sem eru meðhöndlaðir sem þriðja flokks borgarar. Þeir eru nefnilega farnir að skilja að barátta okkar er jafnmikið fyrir þá eins og hún er fyrir okkur!

Daoud Kaloti, forstöðumaður upplýsingaskrifstofu PLO í Stokkhólmi. Á veggnum fyrir ofan hann hengur mynd af einni frægustu frelsishetju Palestínumanna frá stríðinu 1948, Abdel Qader al-Husseini.

Barátta pólsks verkalýðs: Lýsandi fordæmi kúgaðra alþýðu A-Evrópu

Orsök verkfallanna

Í Póllandi ríkir í dag borgarastétt, sem heldur völdum með fasískum aðferðum. Studd sovéská herveldinu er sérhver tilraun til mótmæla gegn stjórninni barin niður, og lýðræðisleg réttindi fótumtroðin. Eins og í öðrum auðvaldslöndum þar sem gróðasóknin situr í fyrirrúmi, er í landinu verðbólga og landið er þjakað af erlendum skuldum. Á árinu 1974 uxu skuldir erlendis úr 1.7 milljörðum dollara í 3 milljarða dollara. Borgarastétt Póllands hefur svarað þessu með að skerða kaupmátt alþýðunnar og reyna þannig að velta byrðum kreppunnar yfir á herðar hennar. En verkalýðsstétt Póllands hefur nú í annað sinn á 6 árum sýnt að hún lætur ekki kúga sig.

Uppreisnin 1970

1970 hófst uppreisnin í desember með því að byltingarsinnað verkamannaráð tók völdin í bænum Szczecin. Svar stjórnarinnar var að senda her gegn verkamönnunum. Í fararbroddi óku sovéskir skriðdrekar, sem skutu á allt sem hreyfðist. Áður en herinn náði bænum, höfðu verkamennirnir brennt niður floksskrifstofur endurskoðunarsinnanna. Í eystrasaltsborg inni Gdansk fóru 16000 manns í mótmælagöngu, syngjandi Internationalinn undir myndum af Lenin og Stalin. Í Warsjá tóku 23000 manns þátt í setuverkfalli.

Afleiðingar þessarar uppreisnar voru víðtækar handtökur og fangelsanir á verkamönnum. Allt síðan þá hafa hafnarverkamenn í Gdansk og iðnverkamenn í Szczecin unnið undir vörslu vélbyssuhreiðra og fallbyssa.

Ástandið í dag: verðbólga og vöruskortur.

Nú í sumar voru fyrirhugaðar miklar verðhækkanir á matvælum. Áætlaðar voru 60% meðaltalshækkanir á matvörum, sem er gífurlega mikið ef það er haft í huga að laun hafa aðeins hækkað um 38% síðustu fjögur árin. Samkvæmt opnberri skýringu á verðhækkununum var markmið þeirra "að koma í veg fyrir biðraðir við verslanir, svartamarkaðsbrask, og til að fá fólk til að kaupa annan iðnvarning". Þetta á að gera á sama tíma og mikill skortur er á kjötvörum í landinu. Landbúnaður Póllands hefur átt við gífurlega erfiðleika að etja sem m.a. stafar af því að Sovétríkin hafa velt kreppu sinni að hluta til yfir á Pólland með því að kaupa af pólverjum ódýrar landbúnaðarafurðir, en þvinga þá til að kaupa af sér dýrar iðnaðarvörur. T.d. er búið að drepa algerlega niður dráttavélaframleiðslu í Póllandi og allar vélar til landbúnaðar er eru fluttar inn frá Sovét.

Þetta ástand, ásamt atvinnuleysi og pólitískri kúgun hefur orðið þess valdandi að pólskur verkalýður rís nú upp.

Umfang uppreisnarinnar í dag

Uppreisnin hófst með víðtæku verkfalli þar sem verkamenn í Eystrasaltsborgunum og Warsjá höfðu forystuna. Verkfallsmenn í Ursus-dráttavélaverksmiðjunum í nágrenni Warsjár rifu upp teina hraðlestarinnar milli Parísar og Warsjár og neituðu að lofa lestinni að halda áfram nema stjórnin hætti við fyrirhugaðar verðhækkanir. Verkamenn í Zeran-bifreiðaverksmiðjunni við Warsjá, og verkamenn í skipasmíðastöðvum í Eystrasaltsbæjunum fóru í verkfall og lýstu því yfir að þeir myndu ekki fara til vinnu aftur nema verðstöðvun yrði sett á.


Í iðnaðarbænum Radom fyrir sunnan Warsjá voru höfuðstöðvar endurskoðunarsinnanna brenndar til ösku. Víða um Pólland kom til átaka milli mótmælenda og lögreglunnar, og samkvæmt fréttum var lögreglan óspör á táragas og kylfuhögg.

En sökum reynslunnar frá 1970 þorði stjórnin ekki að senda herinn gegn verkafólki, því það hefði getað kostað allsherjaruppreisn.

Eftirmáli uppreisnarinnar

Það er ljóst, að stjórn endurskoðunnarsinna er skelfingu lostin yfir hinum hörðu viðbrögðum almennings. Hún hefur lofað að endurskoða ákvörðun sína um verðhækkanir, en það er aðeins til að friða alþýðuna. Víðtækar handtökur hafa verið framkvæmdar, og nú þegar hafa margir af leiðtogum verkfallsmanna verið dæmdir til langra fangelsisvista. Á sama hátt og fasistar allra tíma, heldur stjórn Póllands að hún geti með fangelsunum brotið á bak aftur baráttu alþýðunnar fyrir frelsi og brauði. En nýir leiðtogar munu koma upp í rás baráttunnar og baráttan mun breiðast út. Hinn ólöglegi marx-leniniski Kommúnistaflokkur Póllands hefur skorað á alla framsýna menn að fordæma hina fasísku ofbeldisstjórn Póllands og þá sem standa á bak við hana, heimsvaldasinnana í Kreml. KFÍ/ML lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu pólskrar alþýðu og mun gera allt sem í hans valdi stendur til að afhjúpa og einangra talsmenn endurskoðunnarstefnunnar.

3/8 -/ÖI



Verkfallsnefnd í Warski-skipasmíðastöðinni.

Tilgangur utanríkisstefnu Kína: Sundra heimsvaldasinnunum til að skjóta heimsstyrjöldinni á frest


Afstaða kínverja til Atlantshafsbandalagsins hefur orðið mörgum umhugsunarefni á síðustu árum. Margir halda því fram, að kínverjar styðji NATO í því skyni að hafa betur í deilum sínum við Sovétríkin. Hægri öflin hafa jafnvel gert því skóna, að Bandaríkin hafi eignast bandamann í Kína og að Kína styðji aðgerðir og tilgang NATO. Ekkert er fjarstæðukenndara en þessi skoðun, enda mun hún eiga rætur sínar að rekja til áróðursmaskínu sovésku endurskoðunarsinnanna og er spunnin upp til þess að breiða yfir raunverulegt eðli sovéskrar sósíalheimsvaldastefnu og beina athyglinni frá gagnbyltingarsinnuðu framferði nýju zaranna í Kreml.

NATO er heimsvaldasinnað árásarbandalag.

Afstaða kínversku kommúnistanna er þessi. Þeir álíta NATO vera heimsvaldasinnað árásarbandalag, sem beint er gegn alþýðu heimsins og byltingarbaráttu hennar. Þess vegna fordæma þeir aðgerðir NATO og sérstaklega hernaðarlega íhlutun Bandaríkjanna í V-Evrópu. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að kínverjar fordæmi heimsvaldastefnuna hvar og hvenær sem hún birtist, hvort sem er í Japan, V-Evrópu eða Sovétríkjunum. Þeir benda þvert á móti á, að endurskoðunarsinnarnir í V-Evrópu reyna að beina augum fólks frá heimsvaldastefnu Sovétríkjanna og heimsstyrjaldarhættunni sem stafar af henni, með því að útmála Bandarísku heimsvaldastefnuna og NATO sem einu óvinina. Styrkur marxismans-lenínismans í V-Evrópu er lítill í dag, þótt hann fari ört vaxandi. Kæmi til þess, að varnarsamstarf evrópskra heimsvaldasinna leystist upp og Evrópa stæði berskjölduð gagnvart innrás frá Sovétríkjunum, myndi ekkert afl vera nægilega sterkt til þess að hindra styrjöldina. Hin unga og hratt vaxandi marxleníníska hreyfing í V-Evrópu myndi ekki geta fylkt verkalýð og alþýðu Evrópu til alþýðustríðs gegn sósíalheimsvaldastefnunni og stríð sem hæfist á næstu árum myndi tákna ótaldar hörmungar og þjáningar fyrir alþýðu Evrópulandanna. Afstaða kínverskra kommúnista byggist sem sé á því, að styrjaldarhættan komi frá Sovétríkjunum, sem sé gráðugt og vaxandi heimsvaldaríki og veiktar varnir Evrópu eða sundrung meðal Evrópuríkjanna, myndi flýta fyrir því að heimsstyrjöld skylli á. Kínverjar segja: "Helst vildum við að alþýða Evrópulandanna tæki völdin í byltingu, því að það er besta tryggingin fyrir ósigri heimsvaldastefnunnar". Þetta er einmitt í anda stefnu Maó formanns, sem hann setur fram í orðunum "annað hvort hindrar heimsbyltingin heimsstyrjöldina, eða heimsstyrjöldin mun snúast upp í heimsbyltingu". Utanríkisstefna Kína mótast af þessu viðhorfi. Að varðveita friðinn eins lengi og unnt er, til þess að byltingaröflin fái vaxtarmöguleika og verði þess umkomin að hindra ófriðinn. Þess vegna verður afstaða kínverja til NATO og varnarsamstarfs Evrópuríkjanna að skoðast í þessu ljósi.

Endurskoðunarsinnar eru heimsvaldasinnar.

Endurskoðunarsinnar Evrópulandanna hafa reynt að gera sér mat úr þessu til þess að ófrægja Kína og slá ryki í augu Evrópskar alþýðu, svo hún verði ófriðarhættunnar ekki vör og trúi blint á "detente" og "friðarhjal" Brésneffs. Þess vegna eru það raunverulega endurskoðunarsinnarnir sem styðja heimsvaldastefnuna, þótt þeir gapi sem hæst gegn NATO. Því þeir þegja um hættuna sem alþýðu heimsins



Kínverjar láta ekki blekkjast af friðarhjali USSR og USA, og benda sífellt á hættuna á 3ju. heimstyrjöldinni.

stafar af Sovétríkjunum. Þannig ryðja þeir brautina fyrir nýrri heimsstyrjöld og reyna að sundra samstöðu verkalýðsins gegn heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu. Ef Helskini-sáttmálinn er raunverulega trygging fyrir friði, ef "detente" er framtíðin og afvopnun og bann við eyðingarvopnum er framkvæmanlegt, eins og endurskoðunarsinnarnir halda fram, hvers vegna þarf þá að óttast Bandaríkin og NATO? Nei, sannleikurinn er sá, að með því að útbreiða þvættinginn um "detente" og afvopnun, eru endurskoðunarsinnarnir að hylma yfir útþenslu og árásarstefnu Sovétríkjanna og draga alþýðu Evrópu á tálar. Þeir sem tala hæst um frið og afvopnun, samtímis sem heimsstyrjöldin nálgast óðfluga, eru hinir raunverulegu stuðningsmenn heimsvaldastefnunnar. Þetta sanna líka afstaða Portúgalska, Ítalska og annara endurskoðunarsinnaflokka (það eru hinir svokölluðu kommúnistaflokkar Portúgal, Ítalíu o.s.frv.), en þeir styðja veru landa sinna í NATO. Þeir sem ekki berjast gegn heimsstyrjaldarhættunni og reyna að fela upptök hennar í sovésku sósíalheimsvaldastefnunni, eru raunverulegir fjandmenn verkalýðsins, raunverulegir heimsvaldasinnar.

-/KG

"Söguleg màlamiðlun"

Árni Bergmann, blaðamaður Þjóðviljans, gisti Ítalí þegar kosningarnar fóru þar fram fyrir skömmu. Athygli hans og annarra endurskoðunarsinna beinist mjög að tiltektum Berlinguer og félaga vegna þess að ítalski endurskoðunarsinnaflokkurinn er stærstur þeirra flokka á vesturlöndum sem fylgja rangfærslum Krúsjofs o. fl. um "þingræðislegu leiðina" til sósíalismans. Hið sérstaka afbrigði ítalskra endurskoðunarsinna gengur undir nafninu "söguleg málamiðlun" og felur m.a. í sér að flokkurinn hefur lýst því yfir að hann muni ekki berjast gegn veru Ítalíu í NATO

Þessi yfirlýsing Berlinguer setti nokkurn vanda á herðar Árna Bergmann - því að NATO-andstaðan hefur aldrei verið meiri á Íslandi en einmitt nú. Laumulegur áróður Þjóðviljans o. fl. hefur til þessa gengið út á að sýna fram á að það væru kínverjar sem styddu NATO og að Alþýðubandalagið væri brjóstvörn herstöðvaandstæðinga. Árni Bergmann snaraði sér því út á ritvöllinn undir fyrirsögninni "Ítalskir kommúnistar og við". Greininni var ætlað að útskýra þær mismunandi aðstæður sem eru til staðar á Íslandi og í Ítalíu og hví ítalskir endurskoðunarsinnar geti samþykkt NATO-aðild en þeir íslensku ekki.

En pistill Árna gerir betur, hann afhjúpar þá staðreynd að höfundurinn er reiðubúinn til að samþykkja NATO-aðild Íslands ef aðstæður hér væru svipaðar og í Ítalíu. Árni segir: "Það er í sambandi við NATO og afleiðingar aðildar að því bandalagi næsta auðvelt að telja upp mismun á þessum tveim löndum. Annarsvegar vopnlaust smáríki með hefðbundinn vilja til hlutleysis, hinsvegar fjölmennt ríki í miðri hinni oft vanstilltu Evrópu, sem er þá búið umtalsverðum her, sem hvort er eð hlýtur að ganga upp í einhvern hernaðarlegan útreikning. Í annan stað er þessi fjölmenna þjóð, ítalir, sem stendur á miklum menningararfi, hvergi nærri eins viðkvæm fyrir raski því, er umsvif bandalagsins í formi bandarískra herstöðva hafa á efnahag, menningu og sjálfstæða framkomu hins örlitla íslenska samfélags."

Kjarninn í þessari útlistun er sá að ef Ísland væri vopnað ríki og öllu stærra og þyldi því betur veruna í NATO (eða uppfyllti þau skilyrði sem Árni telur upp), þá væri forsvaranlegt fyrir Alþýðubandalagið að gera sögulega málamiðlun" og hætta að berjast gegn NATO-aðildinni!! Það bólar ekkert á andstöðunni gegn bandalaginu sem slíku. Ennfremur telur Á. B. að "kanski væri það illskárra fyrir NATO ef PCI héldi áfram að hamast gegn aðild Ítalíu að bandalaginu." (PCI er skammstöfun fyrir flokk ítölsku endurskoðunarsinnanna). Hér skín í gegn viljinn til þess að aðlaga stefnuna hagsmunum auðvaldsins. Á. B. hefur fundið "réttlætingu" fyrir því að berjast ekki gegn NATO við "vissar aðstæður". Og hver kannast ekki við þá stefnu sem gjarnan er framfylgt af forystu Alþýðubandalagsins að einbeita baráttunni gegn herstöðvunum en láta NATO-aðildina liggja á milli hluta? Það þarf ekki annað en að minna á örlög síðustu herstöðvaandstæðingasamtaka - en þar réði Alþýðubandalagið ferðinni að mestu.

Að sögn Árna byggir PCI afstöðu sína "fyrst og síðast á raunsæi", þetta "raunsæi" á greinilega mikið fylgi innan forystu Alþýðubandalagsins. Allt þingsæta- og ráðherrastólabrölt hennar sannar það.

Andstaða Alþýðubandalagsforystunnar gegn veru Íslands í NATO er því ekki heilsteypt. Árni Bergmanna o. fl. hafa í raun lýst sig sammála stefnu ítalskra endurskoðunarsinna sem hafa gert all-sögulega málamiðlun við höfuðfjanda verkalýðsins, auðvaldið.

Slíkt "raunsæi" eru svik hvern ig sem pennaliprir náungar reyna að snúa hlutunum og láta þá líta vel út!

-/hh

Viðtal við Daoud Kaloti fulltrúa PLO

Við munum sigra!

Athygli umheimsins beinist nú í æ ríkari mæli að löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Risaveldin og heimsvaldasinnarnir reyna að skara eld að sinni köku og eiga í harðri baráttu sín á milli. Jafnframt vex hinum framsæknu og framfarasinnuðu öflum í arabalöndunum fiskur um hrygg í baráttunni gegn yfirgangi zionisma og annari heimsvaldastefnu. Það eru palestínumenn sem standa þar í fremstu víglínu (bókstaflega og óbeint). En það eru ekki bara heimsvaldasinnarnir sem skelfast hina palestínsku byltingu, hin afturhaldssama yfirstétt í arabalöndunum sér sína sæng útbreidda og óttast um gróða sinn og völd. Þetta er meðal annars baksvið þess sem er að gerast í Líbanon þessa dagana. En það er ekki bara meðal arabískrar alþýðu sem stuðningur við palestínuaraba fer vaxandi. Á vesturlöndum ljúka æ fleiri upp augum fyrir því að málstaður hinna landræku palestínumanna gegn hinum ísraelska zionisma og heimsvaldastefnunni krefst fulls stuðnings allra framfaraafla.

Það er ein af ástæðunum fyrir því að hinn eini lögmæti fulltrúi palestínuaraba, samtökin PLO, opnuðu í vetur upplýsingaskrifstofu í Stokkhólmi. Blaðamaður Stéttabaráttunnar tók þar eftirfarandi viðtal við forstöðumann skrifstofunnar Daoud Kaloti, þann 13. júlí síðastliðinn:

Kaloti hóf viðtalið á því að lýsa yfir fyllsta stuðningi við baráttu íslendinga við breska og bandaríska heimsvaldastefnu.

"Og" sagði Kaloti "við styðjum ekki bara baráttu ykkar, við tökum beinlínis þátt í henni. Palestínska byltingin hefur nefnilega tvær hliðar, jafnframt þjóðlegri baráttu um rétt til síns eigin lands, sjálfsákvörðunarréttar, frelsis og fyrir lýðræðislegu palestínsku ríki; þá er palestínska byltingin barátta gegn heimsvaldastefnu í hvaða mynd sem hún birtist, gegn yfirgangi og kúgun. Baráttan gegn heimsvaldastefnunni í Palestínu er stuðningur við baráttu íslendinga, eins og baráttan gegn heimsvaldastefnunni á Íslandi er stuðningur við baráttu palestínumanna."

Stb: Nú eru fjölmiðlar með stöðugar fréttir af blóðugum átökum í Líbanon. Hvert er baksvið þessara atburða, og geta palestínumenn og vinstri öflin unnið sigur yfir afturhaldsöflunum?

Kaloti: Við munum sigra, á því er ekki nokkur vafi. Við getum farið halloka um sinn, jafnvel orðið fyrir geigvænlegu tjóni, en við erum viðbúin öllu og erum viss um sigur í framtíðinni. Þjóð sem hefur verið svipt öllu, rekin í útlegð og rænd sínu eigin landi, þegar sú þjóð öðlast vitund um kraft sinn og rétt getur ekkert stöðvað hana. Alþýða arabalandanna verkalýðsstéttin og þjóðernissinnaðir menntamenn munu heldur aldrei leyfa að palestínska verði brotin á bak aftur.

En hvað varðar bakgrunn þess sem er að gerast. Í Líbanon er alls ekki um að ræða neins konar trúarbragðastyrjöld þótt ýmsir fjölmiðlar vesturlanda vilji halda því fram, vissulega eru helstu leiðtogar fasistanna, falangistanna, kristnir, en það kemur ekki í veg fyrir að margir kristnir berjist með vinstri öflunum.

En þessi styrjöld byggist heldur ekki á stéttarandstæðum í Líbanon, það er að vísu hárrétt að falangistarnir fá stuðning borgarastéttarinnar í baráttunni gegn verkalýðsstéttinni, alþýðunni og framfaraöflunum.

Nei, orsakirnar eru alþjóðlegar. Bandaríkin eru á niðurleið sem heimsveldi, þau eiga í miklum erfiðleikum með að viðhalda arðránsstöðu sinni. Fleiri og fleiri öfl rísa upp til baráttu fyrir sjálfstæði og rétti til að ráða yfir sínum eigin auðlindum. Sósíalísk og framfarasinnuð öfl fara ört vaxandi í Evrópu. Efnahagskreppa auðvaldslandanna vekur upp stöðugt nýja andstöðu og óánægju hópa, hergagnaiðnaðurinn í Bandaríkjunum verður að komast í gang aftur, annars dýpkar kreppan enn. Evrópulöndin eru ekki eins fylgisspök og áður og hefur jafnvel komið til alvarlegra efnahagsárekstra, milli Evrópu og Bandaríkjanna. Sovétríkin hafa orðið stöðugt áhrifameiri. En kjarni málsins er olían. Það er um yfirráðin yfir olíuauðlindunum sem baráttan stendur milli risaveldanna og heimsvaldalandanna. Vesturlönd verða sífellt háðari olíustreyminu frá löndum araba. Bandaríkin fá um 54%, Vestur-Evrópa 60-80% og Japan 90% af sinni olíu frá löndum araba. Það er því mikið í húfi hverjir ráða yfir þessari olíu og öllum brögðum er beitt.

Stb: En hvar kemur Líbanon og palestínuarabar inn í myndina?

Kaloti: Jú, andstaðan við heimsvaldastefnuna hefur vaxið gífurlega meðal araba undanfarin ár, þjóðnýtingar á olíulindum verið framkvæmdar í flestum arabalöndum og áhrif risaolíuhringanna hafa minnkað mikið. En það eru því sem næst eingöngu borgarastéttir þessara landa sem hafa setið að gróðanum, alþýðan hefur orðið að sitja álengdar. Nú eflast þau öfl sem krefjast réttlátari skiptingar þjóðarauðæfanna og berjast fyrir lýðræðislegum, sósíalískum þjóðfélögum. Barátta palestínuaraba hefur verið leiðarljós þessara afla og hættulegt fordæmi að mati afturhaldsaflanna. Palestínumenn hafa einnig lengi verið sérstakur þyrnir í augum bandarísku heimsvaldastefnunnar. Hún hefur því hvað eftir annað reynt að eyðileggja hin palestínsku byltingu í gegnum leppa sína í afturhaldsstjórnum bæði í Líbanon og Jórdaníu.

En palestínska byltingin er ekki neitt einangrað fyrirbæri. Hún er hluti af hinni arabísku byltingu, hún er framvarðarsveit hennar! Þess vegna sameinast síonistar, bandarískir heimsvaldasinnar og arabískir afturhaldsmenn um að reyna að knésetja hina palestínsku byltingu áður en hún hefur vaxið þeim yfir höfuð!


Eftir að stefna Henry Kissingers beið ósigur bæði í Afríku og í Indókína hefur hann einbeitt sér að miðausturlöndum. Hann hefur uppi ráðagerðir um að færa Bandaríkin fet fyrir fet aftur í þá aðstöðu sem þau höfðu á blómatíma heimsvaldastefnunnar. Sú leið átti að hefjast í Líbanon. Hún átti að hefjast með því að mola sundur andstöðuöflin, öfl palestínumanna. En þar misreiknaði CIA sig heldur betur. Þeir höfðu áætlað að falangistarnir (hægri menn) myndu vinna skjótan sigur, en veruleikinn varð algjör andstæða, hinn opinberi her Líbanon er uppleystur og að mestu genginn í lið með okkur, hinir áður sundurleitu hópar vinstri manna hafa snúið bökum saman og síðast en ekki síst, hin líbanska alþýða hefur snúist til fylgis við okkur.

Afturhaldið tapar fótfestu en byltingin sækir fram. Og það er þá sem Sýrland gerir innrásina.

Stb: Heldur þú að Bandaríkin hafi vitað um hana áður?

Kaloti: Já, alveg efalaust. Bandaríkin stóðu örugglega bakvið innrásina og Israel hefur einnig vitað um hana áður, því það er síonistunum mjög í hag að binda sveitir palestínumanna við varnir flóttamannabúða inni í Líbanon í stað þess að berjast inni í Ísrael.

En það er ófyrirsjáanlegt enn hvaða áhrif innrásin hefur á ástand mála í Sýrlandi. Allir raunverulegir þjóðernissinnar og andheimsvaldasinnar þar mótmæla innrásinni, þeir og öll arabísk alþýða munu ekki samþykkja að palestínska byltingin verði þurrkuð út.



Daoud Kaloti, forstöðumaður upplýsingaskrifstofu PLO í Stokkhólmi. Á veggnum fyrir ofan hann hengur mynd af einni frægustu frelsishetju Palestínumanna frá stríðinu 1948, Abdel Qader al-Husseini.

Stb: En hvað um afstöðu Sovét til innrásarinnar?

Kaloti: Við höldum að Assad (Sýrlandsforseti) hafi leikið á rússa. Við höldum að þeir hafi ekki vitað hvað til stóð. Kosygin og Assad undirrituðu yfirlýsingu meðan á heimsókninni stóð, þar sem ma. var tekið fram, að vandamál sín yrðu líbanir að leysa sjálfir án íhlutunar annarra, einnig að tryggja yrði sjálfstæði Líbanon, og reyna að koma í veg fyrir óþarfa blóðsúthellingar. Við palestínuarabar erum sammála því að líbanir verðir að leysa sín eigin vandamál, en við erum líka andvígir öllum stórveldalausnum, þe. að risaveldin semji yfir höfðum fólks án þess að það fái neinu ráðið.

En við höldum sem sagt ekki að Sovét hafi verið með í ráðum um innrásina, enda fordæmdu þeir hana harðlega nokkrum dögum seinna og ítrekuðu stuðning sinn við palestínsku byltinguna.

Stb: Baráttan mun halda áfram?

Kaloti: Við berjumst af hörku, við höfum misst marga fallna og særða, við munum berjast áfram. Móti þessu bandaríska samsæri gegn palestínsku byltingunni, samsæri gegn öllum framfaraöflum í arabalöndum. Við, vinstri líbanir og palestínumenn lítum þessa baráttu sem sögulega nauðsyn, nauðsynlega til að sýna og sanna fyrir arabískri alþýðu að það borgar sig að taka upp baráttuna, að það er einungis hægt að vinna ef maður berst.

Einmitt núna eru hörðustu bardagarnir um flóttamannabúðirnar Tal al-Zaatar í Beirút. Þar hafa 20.000 flóttamenn, þar af nokkur þúsund vopnfærir karlmenn, barist gegn ofurefli liðs, fyrst einungis falangista en síðar einnig liðsstyrk Sýrlands. Í dag eru 22 dagar sem búðirnar hafa að mestu verið í herkví, um 6000 handsprengjum hefur verið varpað á búðirnar, í nótt sem leið gerðu falangistarnir innrásartilraunir um það bil þrisvar á mínútu. Og enn berjumst við. Reyndar erum við farin að tala um Tal al-Zaatar sem Stalíngrad, ekki vegna þess að búðirnar séu hernaðarlega mikilvægar, heldur vegna hins pólitíska og siðferðilega styrks sem þær veita okkur.

Stb: Og sýrlendingarnir berjast við hlið falangistanna?

Kaloti: Já, það er ekki bara í Tal al-Zaatar. Í dag hófu þeir árás ásamt falangistum á borgina Baalbac. Þar hefur alþýðan risið upp sem einn maður okkur til aðstoðar.

En þessi fasistaaðstoð stjórnar Sýrlands er ekki tekið með þegjandi þögninni heima fyrir. Miklar mótmælaaðgerðir hafa verið hafðar í frammi. Þúsundir á þúsundir ofan hafa verið fangelsaðar, því sem næst allir foringjar andstöðunnar hafa verið handteknir, samt halda mótmælin áfram. Innan sýrlenska hersins hefur einnig verið ólga vegna innrásarinnar Í síðustu viku voru 9 flugmenn hengdir þegar þeir neituðu að varpa sprengjum á palestínskar flóttamannabúðir í Líbanon. Margir sýrlenskir hermenn hafa slegist í lið með okkur.

Assad og hans lið er að losna í stólunum. Fyrr eða síðar mun hann falla. En hann beitir öllum ráðum til að reyna að þagga niður andstöðuna. Hann hefur sent stórar sveitir hermanna og látið umkringja flóttamannabúðir palestínumanna í Damaskus. Enn hefur hann ekki látið til skarar skríða, en við erum við öllu búin. Við reynum að forðast ögranir, við viljum nota öll vopn gegn Ísrael og bandarísku heimsvaldastefnunni.

Stb: Að lokum vildi ég spyrja um annað atriði sem mjög hefur borið á góma undanfarið. Hver er afstaða PLO til flugrána sem pólitísks tækis?

Kaloti: PLO fordæmir flugvélarán. Við höfum alltaf verið á móti þeim. Við fordæmdum það fyrsta og við fordæmum það síðasta og öll þar á milli. Við erum algjörlega andvígir öllum slíkum aðgerðum sem hvergi snerta sjálfa baráttuna gegn síonismanum og heimsvaldastefnunni. Við erum andvígir því að leggja mannslíf í hættu að óþörfu. Reyndar er sennilegast að þetta síðasta flugrán hafi verið skipulagt af sýrlendingum að undirlagi CIA einmitt til að sverta PLO. Nú, þegar stöðugt fleiri eru farnir að sjá að barátta okkar er réttmæt, þá er þetta upplagt tæki til að reyna að stimpla palestínumenn sem glæpamenn og fjöldamorðingja. En ég fordæmi þetta flugvélarán af jafn miklum krafti og ég fordæmi árás ísraela á flugvöllinn í Uganda. Þeir brutu þar gegn öllum alþjóðalögum og reglum, og sýndu sig sem þá glæpamenn sem þeir eru. Reyndar sannaði þessi árás einnig það sem við höfum sagt, að síonismi er kynþáttastefna, þeir leggja allt undir til að bjarga hvítum mönnum, gyðingum, evrópumönnum, en láta eins og ekkert sé þótt það kosti nokkra tugi svartra manna lífið!

En það er einmitt innan Ísraels sem við höfum eignast nýjan bandamann. Það eru austurlandagyðingarnir, arabagyðingarnir sem eru meðhöndlaðir sem þriðja flokks borgarar. Þeir eru nefnilega farnir að skilja að barátta okkar er jafnmikið fyrir þá eins og hún er fyrir okkur!

Barátta pólsks verkalýðs: Lýsandi fordæmi kúgaðra alþýðu A-Evrópu

Orsök verkfallanna

Í Póllandi ríkir í dag borgarastétt, sem heldur völdum með fasískum aðferðum. Studd sovéská herveldinu er sérhver tilraun til mótmæla gegn stjórninni barin niður, og lýðræðisleg réttindi fótumtroðin. Eins og í öðrum auðvaldslöndum þar sem gróðasóknin situr í fyrirrúmi, er í landinu verðbólga og landið er þjakað af erlendum skuldum. Á árinu 1974 uxu skuldir erlendis úr 1.7 milljörðum dollara í 3 milljarða dollara. Borgarastétt Póllands hefur svarað þessu með að skerða kaupmátt alþýðunnar og reyna þannig að velta byrðum kreppunnar yfir á herðar hennar. En verkalýðsstétt Póllands hefur nú í annað sinn á 6 árum sýnt að hún lætur ekki kúga sig.

Uppreisnin 1970

1970 hófst uppreisnin í desember með því að byltingarsinnað verkamannaráð tók völdin í bænum Szczecin. Svar stjórnarinnar var að senda her gegn verkamönnunum. Í fararbroddi óku sovéskir skriðdrekar, sem skutu á allt sem hreyfðist. Áður en herinn náði bænum, höfðu verkamennirnir brennt niður floksskrifstofur endurskoðunarsinnanna. Í eystrasaltsborg inni Gdansk fóru 16000 manns í mótmælagöngu, syngjandi Internationalinn undir myndum af Lenin og Stalin. Í Warsjá tóku 23000 manns þátt í setuverkfalli.

Afleiðingar þessarar uppreisnar voru víðtækar handtökur og fangelsanir á verkamönnum. Allt síðan þá hafa hafnarverkamenn í Gdansk og iðnverkamenn í Szczecin unnið undir vörslu vélbyssuhreiðra og fallbyssa.

Ástandið í dag: verðbólga og vöruskortur.

Nú í sumar voru fyrirhugaðar miklar verðhækkanir á matvælum. Áætlaðar voru 60% meðalstalshækkanir á matvörum, sem er gífurlega mikið ef það er haft í huga að laun hafa aðeins hækkað um 38% síðustu fjögur árin. Samkvæmt opnberri skýringu á verðhækkununum var markmið þeirra "að koma í veg fyrir biðraðir við verslanir, svartamarkaðsbrask, og til að fá fólk til að kaupa annan iðnvarning". Þetta á að gera á sama tíma og mikill skortur er á kjötvörum í landinu. Landbúnaður Póllands hefur átt við gífurlega erfiðleika að etja sem m.a. stafar af því að Sovétríkin hafa velt kreppu sinni að hluta til yfir á Pólland með því að kaupa af pólverjum ódýrar landbúnaðarafurðir, en þvinga þá til að kaupa af sér dýrar iðnaðarvörur. T.d. er búið að drepa algerlega niður dráttavélaframleiðslu í Póllandi og allar vélar til landbúnaðar eru fluttar inn frá Sovét.

Þetta ástand, ásamt atvinnuleysi og pólitískri kúgun hefur orðið þess valdandi að pólskur verkalýður rís nú upp.

Umfang uppreisnarinnar í dag

Uppreisnin hófst með víðtæku verkfalli þar sem verkamenn í Eystrasaltsborgunum og Warsjá höfðu forystuna. Verkfallsmenn í Ursus-dráttavélaverksmiðjunum í nágrenni Warsjár rifu upp teina hraðlestarinnar milli Parísar og Warsjár og neituðu að lofa lestinni að halda áfram nema stjórnin hætti við fyrirhugaðar verðhækkanir. Verkamenn í Zeran-bifreiðaverksmiðjunni við Warsjá, og verkamenn í skipasmíðastöðvum í Eystrasaltsbæjunum fóru í verkfall og lýstu því yfir að þeir myndu ekki fara til vinnu aftur nema verðstöðvun yrði sett á.


Í iðnaðarbænum Radom fyrir sunnan Warsjá voru höfuðstöðvar endurskoðunarsinnanna brenndar til ösku. Víða um Pólland kom til átaka milli mótmælenda og lögreglunnar, og samkvæmt fréttum var lögreglan óspör á táragas og kylfuhögg.

En sökum reynslunnar frá 1970 þorði stjórnin ekki að senda herinn gegn verkafólki, því það hefði getað kostað allsherjaruppreisn.

Eftirmáli uppreisnarinnar

Það er ljóst, að stjórn endurskoðunnarsinna er skelfingu lostin yfir hinum hörðu viðbrögðum almennings. Hún hefur lofað að endurskoða ákvörðun sína um verðhækkanir, en það er aðeins til að friða alþýðuna. Víðtækar handtökur hafa verið framkvæmdar, og nú þegar hafa margir af leiðtogum verkfallsmanna verið dæmdir til langra fangelsisvista. Á sama hátt og fasistar allra tíma, heldur stjórn Póllands að hún geti með fangelsunum brotið á bak aftur baráttu alþýðunnar fyrir frelsi og brauði. En nýir leiðtogar munu koma upp í rás baráttunnar og baráttan mun breiðast út. Hinn ólöglegi marx-leniniski Kommúnistaflokkur Póllands hefur skorað á alla framsýna menn að fordæma hina fasísku ofbeldisstjórn Póllands og þá sem standa á bak við hana, heimsvaldasinnana í Kreml. KFÍ/ML lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu pólskrar alþýðu og mun gera allt sem í hans valdi stendur til að afhjúpa og einangra talsmenn endurskoðunnarstefnunnar.

3/8 -/ÓI



Verkfallsnefnd í Warski-skipasmíðastöðinni.

Tilgangur utanríkisstefnu Kína: Sundra heimsvaldasinnunum til að skjóta heimsstyrjöldinni á frest

Afstaða kínverja til Atlantshafsbandalagsins hefur orðið mörgum umhugsunarefni á síðustu árum. Margir halda því fram, að kínverjar styðji NATO í því skyni að hafa betur í deilum sínum við Sovétríkin. Hægri öflin hafa jafnvel gert því skóna, að Bandaríkin hafi eignast bandamann í Kína og að Kína styðji aðgerðir og tilgang NATO. Ekkert er fjarstæðukenndara en þessi skoðun, enda mun hún eiga rætur sínar að rekja til áróðursmaskínu sovésku endurskoðunarsinnanna og er spunnin upp til þess að breiða yfir raunverulegt eðli sovéskrar sósíalheimsvaldastefnu og beina athyglinni frá gagnbyltingarsinnuðu framferði nýju zaranna í Kreml.

NATO er heimsvaldasinnað árásarbandalag.

Afstaða kínversku kommúnistanna er þessi. Þeir álíta NATO vera heimsvaldasinnað árásarbandalag, sem beint er gegn alþýðu heimsins og byltingarbaráttu hennar. Þess vegna fordæma þeir aðgerðir NATO og sérstaklega hernaðarlega íhlutun Bandaríkjanna í V-Evrópu. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að kínverjar fordæmi heimsvaldastefnuna hvar og hvenær sem hún birtist, hvort sem er í Japan, V-Evrópu eða Sovétríkjunum. Þeir benda þvert á móti á, að endurskoðunarsinnarnir í V-Evrópu reyna að beina augum fólks frá heimsvaldastefnu Sovétríkjanna og heimsstyrjaldarhættunni sem stafar af henni, með því að útmála Bandarísku heimsvaldastefnuna og NATO sem einu óvinina. Styrkur marxismans-lenínismans í V-Evrópu er lítill í dag, þótt hann fari ört vaxandi. Kæmi til þess, að varnarsamstarf evrópskra heimsvaldasinna leystist upp og Evrópa stæði berskjölduð gagnvart innrás frá Sovétríkjunum, myndi ekkert afl vera nægilega sterkt til þess að hindra styrjöldina. Hin unga og hratt vaxandi marxleníníska hreyfing í V-Evrópu myndi ekki geta fylkt verkalýð og alþýðu Evrópu til alþýðustríðs gegn sósíalheimsvaldastefnunni og stríð sem hæfist á næstu árum myndi tákna ótaldar hörmungar og þjáningar fyrir alþýðu Evrópulandanna. Afstaða kínverskra kommúnista byggist sem sé á því, að styrjaldarhættan komi frá Sovétríkjunum, sem sé gráðugt og vaxandi heimsvaldaríki og veiktar varnir Evrópu eða sundrung meðal Evrópuríkjanna, myndi flýta fyrir því að heimsstyrjöld skylli á. Kínverjar segja: "Helst vildum við að alþýða Evrópulandanna tæki völdin í byltingu, því að það er besta tryggingin fyrir ósigri heimsvaldastefnunnar". Þetta er einmitt í anda stefnu Maó formanns, sem hann setur fram í orðunum "annað hvort hindrar heimsbyltingin heimsstyrjöldina, eða heimsstyrjöldin mun snúast upp í heimsbyltingu". Utanríkisstefna Kína mótast af þessu viðhorfi. Að varðveita friðinn eins lengi og unnt er, til þess að byltingaröflin fái vaxtarmöguleika og verði þess umkomin að hindra ófriðinn. Þess vegna verður afstaða kínverja til NATO og varnarsamstarfs Evrópuríkjanna að skoðast í þessu ljósi.

Endurskoðunarsinnar eru heimsvaldasinnar.

Endurskoðunarsinnar Evrópulandanna hafa reynt að gera sér mat úr þessu til þess að ófrægja Kína og slá ryki í augu Evrópskar alþýðu, svo hún verði ófriðarhættunnar ekki vör og trúi blint á "detente" og "friðarhjal" Brésneffs. Þess vegna eru það raunverulega endurskoðunarsinnarnir sem styðja heimsvaldastefnuna, þótt þeir gapi sem hæst gegn NATO. Því þeir þegja um hættuna sem alþýðu heimsins



Kínverjar láta ekki blekkjast af friðarhjali USSR og USA, og benda sífellt á hættuna á 3ju. heimstyrjöldinni.

stafar af Sovétríkjunum. Þannig ryðja þeir brautina fyrir nýrri heimsstyrjöld og reyna að sundra samstöðu verkalýðsins gegn heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu. Ef Helskini-sáttmálinn er raunverulega trygging fyrir friði, ef "detente" er framtíðin og afvopnun og bann við eyðingarvopnum er framkvæmanlegt, eins og endurskoðunarsinnarnir halda fram, hvers vegna þarf þá að óttast Bandaríkin og NATO? Nei, sannleikurinn er sá, að með því að útbreiða þvættinginn um "detente" og afvopnun, eru endurskoðunarsinnarnir að hylma yfir útþenslu og árásarstefnu Sovétríkjanna og draga alþýðu Evrópu á tálar. Þeir sem tala hæst um frið og afvopnun, samtímis sem heimsstyrjöldin nálgast óðfluga, eru hinir raunverulegu stuðningsmenn heimsvaldastefnunnar. Þetta sanna líka afstaða Portúgalska, Ítalska og annara endurskoðunarsinnaflokka (það eru hinir svokölluðu kommúnistaflokkar Portúgal, Ítalíu o.s.frv.), en þeir styðja veru landa sinna í NATO. Þeir sem ekki berjast gegn heimsstyrjaldarhættunni og reyna að fela upptök hennar í sovésku sósíalheimsvaldastefnunni, eru raunverulegir fjandmenn verkalýðsins, raunverulegir heimsvaldasinnar.

-/KG

"Söguleg málamiðlun"

Árni Bergmann, blaðamaður Þjóðviljans, gisti Ítalí þegar kosningarnar fóru þar fram fyrir skömmu. Athygli hans og annarra endurskoðunarsinna beinist mjög að tiltektum Berlinguer og félaga vegna þess að ítalski endurskoðunarsinnaflokkurinn er stærstur þeirra flokka á vesturlöndum sem fylgja rangfærslum Krúsjofs o. fl. um "þingræðislegu leiðina" til sósíalismans. Hið sérstaka afbrigði ítalskra endurskoðunarsinna gengur undir nafninu "söguleg málamiðlun" og felur m.a. í sér að flokkurinn hefur lýst því yfir að hann muni ekki berjast gegn veru Ítalíu í NATO

Þessi yfirlýsing Berlinguer setti nokkurn vanda á herðar Árna Bergmann - því að NATO-andstaðan hefur aldrei verið meiri á Íslandi en einmitt nú. Laumulegur áróður Þjóðviljans o. fl. hefur til þessa gengið út á að sýna fram á að það væru kínverjar sem styddu NATO og að Alþýðubandalagið væri brjóstvörn herstöðvaandstæðinga. Árni Bergmann snaraði sér því út á ritvöllinn undir fyrirsögninni "Ítalskir kommúnistar og við". Greininni var ætlað að útskýra þær mismunandi aðstæður sem eru til staðar á Íslandi og í Ítalíu og hví ítalskir endurskoðunarsinnar geti samþykkt NATO-aðild en þeir íslensku ekki.

En pistill Árna gerir betur, hann afhjúpar þá staðreynd að höfundurinn er reiðubúinn til að samþykkja NATO-aðild Íslands ef aðstæður hér væru svipaðar og í Ítalíu. Árni segir: "Það er í sambandi við NATO og afleiðingar aðildar að því bandalagi næsta auðvelt að telja upp mismun á þessum tveim löndum. Annarsvegar vopnlaust smáríki með hefðbundinn vilja til hlutleysis, hinsvegar fjölmennt ríki í miðri hinni oft vanstilltu Evrópu, sem er þá búið umtalsverðum her, sem hvort er eð hlýtur að ganga upp í einhvern hernaðarlegan útreikning. Í annan stað er þessi fjölmenna þjóð, ítalir, sem stendur á miklum menningararfi, hvergi nærri eins viðkvæm fyrir raski því, er umsvif bandalagsins í formi bandarískra herstöðva hafa á efnahag, menningu og sjálfstæða framkomu hins örlitla íslenska samfélags."

Kjarninn í þessari útlistun er sá að ef Ísland væri vopnað ríki og öllu stærra og þyldi því betur veruna í NATO (eða uppfyllti þau skilyrði sem Árni telur upp), þá væri forsvaranlegt fyrir Alþýðubandalagið að gera sögulega málamiðlun" og hætta að berjast gegn NATO-aðildinni! ! Það bólar ekkert á andstöðunni gegn bandalaginu sem slíku. Ennfremur telur Á. B. að "kanski væri það illskárra fyrir NATO ef PCI héldi áfram að hamast gegn aðild Ítalíu að bandalaginu." (PCI er skammstöfun fyrir flokk ítalsku endurskoðunarsinnanna). Hér skín í gegn viljinn til þess að aðlaga stefnuna hagsmunum auðvaldsins. Á. B. hefur fundið "réttlætingu" fyrir því að berjast ekki gegn NATO við "vissar aðstæður". Og hver kannast ekki við þá stefnu sem gjarnan er framfylgt af forystu Alþýðubandalagsins að einbeita baráttunni gegn herstöðvunum en láta NATO-aðildina liggja á milli hluta? Það þarf ekki annað en að minna á örlög síðustu herstöðvaandstæðingasamtaka - en þar réði Alþýðubandalagið ferðinni að mestu.

Að sögn Árna byggir PCI afstöðu sína "fyrst og síðast á raunsæi", þetta "raunsæi" á greinilega mikið fylgi innan forystu Alþýðubandalagsins. Allt þingsæta- og ráðherrastólabrölt hennar sannar það.

Andstaða Alþýðubandalagsforystunnar gegn veru Íslands í NATO er því ekki heilsteypt. Árni Bergmanna o. fl. hafa í raun lýst sig sammála stefnu ítalskra endurskoðunarsinna sem hafa gert all-sögulega málamiðlun við höfuðfjanda verkalýðsins, auðvaldið.

Slíkt "raunsæi" eru svik hvern ig sem pennaliprir náungar reyna að snúa hlutunum og láta þá líta vel út!

-/hh

Hver er höfuðóvinur bænda?

Það er viðurkennd staðreynd að smærri bændur hér á landi búa við frámunalega slæm kjör Þar kemur ekki aðeins til lág laun og mjög langur vinnudagur og léleg félagsleg þjónusta. Enda hefur raunin orðið sú að stöðugt fleiri bændur neyðast til að bregða búi og flytja á mölina. Aðrir verða að minnka við sig samfara þrengri kjörum og fjöldamargir vinna verkamannavinnu utan býla sinna.

Þessi þróun á sér margvíslegar orsakir. En fyrst og fremst stafar hún af kapitalíseringu landbúnaðarins. SÍS og aðrir landbúnaðarauðhringir græða ekki nóg á smábýlarekstrinum vegna þess ma. að þau geta ekki staðið undir vélvæðingunni og gefið af sér hámarksgróða. Þess vegna er markvisst stefnt að því að smábændur hrekist af búum sínum. Tökum til dæmis tankvæðinguna. Seinustu 10 ár er áætlað að einn mjólkurframleiðandi hafi að meðaltali hætt þriðja hvern dag. Þar er fyrst og fremst um að ræða smábændur sem ekki geta staðið undir þeim dýru fjárfestingum sem tankvæðingin hefur í för með sér.

Efnahagskreppunni hefur einnig verið velt yfir á herðar þeirra bænda sem minnst mega sín. Þannig voru í seinasta mánuði sett lög um 25% verðtryggingu á landbúnaðarlán. Þær aðgerðir ríkisvaldsins þrengja enn kost minni bænda. Lán frá kaupfélögum og ríki hafa undanfarin ár haldið rekstri margra smábúa gangandi. Sjálfur arðurinn af búum þeirra hefur aðeins nægt til framfærslu og vaxtagreiðsla. Nú er ríkisvaldið með Framsóknarflokkinn í broddi fylkingar að kippa þessum grundvelli undan bændum. Framundan er gjaldþrot fjölda smábænda og stóraukin byggðaröskun. Fyrirsjáanlegt er að harðbýl landbúnaðarsvæði eyðist í framtíðinni ef ekkert verður að gert. Og "flokkur bænda", Framsóknarflokkurinn mun ekkert gera né forystubroddar Stéttarsambands bænda. Þeir eru ramflæktir í hagsmuni SÍS, SS og MBF sem miðast eingöngu við gróða auðherranna sjálfra.

Samvinnuhreyfingin þjónar ekki smábændum

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan kaupfélögunum var komið á fót. Og margt hefur breyst. Hér áður fyrr var Samvinnuhreyfingin hagsmunabandalag bænda og sveitaalþýðunnar. Þá fengu bændur sannvirði fyrir vörur sínar. Í dag rekur Samvinnuhreyfingin gróða auðvaldspólitík gagnvart smærri bændum og beitir þá þrælatökum. Bændur eru bundnir kaupfélögunum vegna skulda og eru neyddir til að láta þau fá allar sínar vörur. Á grundvelli þessarar einokunar hefur Samvinnuhreyfingin og stjórnmálaflokkur hennar níðst á bændum og kreist úr þeim hverja krónu til að efla gróða hringsins og milliliðasnýkjudýranna. Í rauninni er hér gamla kaupmannavaldið endurborið og í mörgum tilfellum kemur arðrán "samvinnuhreyfingarinnar" fram í enn svívirðilegri mynd.

En hvernig er arðráninu hagað? Við skulum taka kjör kúabænda sem dæmi og skipti þeirra við mjólkurbúin. Fyrir mjólkurinnlegg sitt fá þeir 75% af ákvörðuðu verði verðlagsgrundvallar 10. hvers mánaðar eftir að þeir hafa lagt mjólkina inn. Flutningskostnaður mjólkurinnar er dreginn frá þessum 75 prósentum. Eftirstöðvarnar liggja síðan vaxtalausar hjá mjólkurbúunum allt til áramóta en þá eru þær loks reikningsfærðar. Arðránið er þannig beint og opið. Bændur eru látnir útvega vinnslufyrirtækjunum rekstrarfé endurgjaldslaust því að sjálfsögðu er upphæðin orðin rýrari þegar þeir loks fá hana vegna verðbólgunnar í þjóðfélaginu. Það er augljóst að þarna er um mikla gróðauppsprettu að ræða fyrir mjólkurbúin.

En "samvinnuhreyfingin" lætur sér þetta ekki nægja. Hún tekur einnig 18% skuldavexti af öllum rekstrar- og neysluvörum bænda. Bændur verða því að gera svo vel að borga um 30% vexti af miklum hluta rekstrarvara sinna. Þessi þrælatök samvinnuhreyfingarinnar á bændum verða enn svívirðilegri þegar haft er í huga að í langflestum tilvikum verða bændur að versla allt sitt við hana. Þar hafa þeir enga aðra undankomuleið nema þá að bregða búskap.

Vegna þessa arðráns hefur smærri bændum ekki einu sinni tekist að fá þau laun sem verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins gerir ráð fyrir. Jóhannes Torfason bóndi á Torfalæk II í A-Húnavatnssýslu sagði ma. í viðtali við eitt dagblaðanna: "Hvað snertir launin þá eru þau milli 30 og 35% af verðlagsgrundvallarverðinu, þannig að bóndinn fær aðeins 20% launa sinna greidd um hver mánaðarmót, en hinn hlutinn liggur vaxtalaust til næstu áramóta."

Þessi ummæli húnvetnska bóndans ásamt öðru sem eftir honum var haft í viðtalinu leiða vel í ljós þau eymdarkjör sem smærri bændur búa við. Og þau sýna einnig fram á hver höfuðóvinur ísl. smábænda er. Það er landbúnaðareinokunin, SÍS, Sláturfélagið og mjólkurbúin. Skrifræðisburgeisarnir í þessum fyrirtækjum og pólitískir þjónar þeirra í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum starfa gegn hagsmunum bænda. Þessi fyrrverandi fyrirtæki ísl. sveitaalþýðu eru nú rekin sem hreinræktuð auðvaldsfyrirtæki er byggja tilveru sína á svívirðilegu arðráni á vinnu alþýðunnar til sjávar og sveita.

-/MVS

Framhald af baksíðu.

Vegið að lífskjörum smábænda

strargrundvellinum hreinlega kippt undan mörgum þeirra. Arðurinn af búum þeirra er það lítill að hann nægir ekki nema til nauðsynlegasta viðhalds og verða þeir þá að treysta á lán til að geta bætt við búskap sinn og yfirleitt haldið honum gangandi. Þessi nýju lög ríkisstjórnarinnar munu sérstaklega koma hart niður á ungum bændum sem leggja í nýbyggingar og smærri bændum á harðbýlli landshlutum þar sem lítið hefur verið fjárfest hingað til. Þessar löggjafar verður því ekki aðeins minnst sem harkalegrar árásar ríkisvaldsins á tilverugrundvöll smábænda heldur og sem algjörs skipbrots hinnar svokölluðu "byggðarstefnu" Framsóknarflokksins. Nú er um að ræða ráðstafanir sem að öllum líkindum valda uppflosnun bænda í sumum héruðum. Allavega kemur þetta með að hindra allan nýbúskap og valda auknum fólksflótta úr sveit í borg og bæ.

Ríkisvaldið er óvinur smábænda

Smábændur öðlast mikilvæga reynslu af þessum aðgerðum ríkisvaldsins. Þær eru aðeins ítrekun á þeirri staðreynd, að alltaf þegar kreppist hagur auðvaldsframleiðslunnar er ríkisvaldið notað til að þrengja hag þeirra bænda sem minnst mega sín. Eina leiðin sem auðvaldið sér til bjargar er aukin kúgun og skerðing lífskjara alþýðunnar. Fjárversluninn til braskara og afætulýðs hverskonar er ekki stöðvaður. En það er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og þar sem auðvaldið telur sig eiga lítilli andstöðu að mæta.

En hvernig stendur á því að "bændaflokkurinn" okkar Framsóknarflokkurinn, vílar slíka árás á lífskjör bænda ekki fyrir sér. Sekt Framsóknar er augljós í þessu máli. Bæði landbúnaðarráðherrann og formaður Stofnlánadeildar eru meðal forystumanna flokksins. Smábændum ætti nú að vera ljóst að stefna Framsóknarflokksins er andstæð hagsmunum þeirra. Framsókn er fulltrúi stækasta afturhaldsins á Íslandi. Þessi flokkur kemst það næst bændum að geta kallað sig stórbændaflokk, enda safnast þar í forystu Sveitaburgeisar og einokunarkapítalistar. Sveitaalþýðan hefur ekkert ekkert til Framsóknarflokksins að sækja. MVS:

Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttasambands bænda, sem í dag er í höndum stórbænda og fulltrúa ríkisvaldsins og einokunarhringjanna SÍS, SS og mjólkurbúanna. Gegn þeim verða smábændur að heyja skipulagða baráttu í bandalagi við framsækinn verkalýð bæjanna.

Rauður vettvangur Frá Lesendum

Verkalýðsforinginn einkabílstjóri framkvæmdastjórans

Formaður verkalýðsfélags sem einkabílstjóri yfirmanns síns! Þetta hefði einhvern tímann þótt óhæfa meðan barátta verkafólks stóð sem hæst. Margir telja slíkt ófært enn þann dag í dag, enda mun það orðið sjaldgæft. Þetta er hins vegar staðreynd á einum stærsta vinnustað landsins, Sigöldu. Einkabílstjóri framkvæmdastjórans heitir Hilmar Jónsson og er formaður verkalýðsfélagsins í Rangárvallasýslu.

Er Hilmar var spurður að því hvort hann væri hættur sem formaður, kvað hann svo ekki vera. Hann væri reyndar í smáfríi eins og stæði en hann hefði alls ekki látið af embætti. —BA

Félagar.
Ég sendi ykkur þessa úrklippu úr Dagblaðinu þ. 13. júlí sl. með von um að þið birtið hana. Hún er afskaplega afhjúpandi fyrir það ástand sem ríkir meðal hinnar uppkeyptu verkalýðsforystu. Sú niðurlæging sem þessir menn gera verkalýðsstéttinni er meira en orð fá lýst. Stuðningsm.

VÍSIR

Útgefandi: Reykjaprent hf.
Framkvæmdastjóri: Davíð Guðmundsson
Ritstjórar: Þorsteinn Pálsson, ábm. Ólafur Ragnarsson
Ritstjórnarfulltrúi: Bragi Guðmundsson
Fréttastj. erl. frétta: Guðmundur Pétursson
Blaðamenn: Anders Hansen, Anna Heiður Oddsdóttir, Edda Andrésdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Ormur Halldórsson, Kjartan L. Pálsson, Ólafur Hauksson, Óli Tynes, Rafn Jónsson, Sigríður Egilsdóttir, Sigurveig Jónsdóttir, Þrúður G. Haraldsdóttir
Íþróttir: Björn Blöndal, Gylfi Kristjánsson
Útlitsteiknun: Jón Óskar Hafsteinsson, Þórarinn J. Magnússon
Ljósmyndir: Jens Alexandersson, Loftur Asgeirsson
Auglýsingastjóri: Þorsteinn Fr. Sigurðsson
Dreifingarstjóri: Sigurður R. Pétursson
Auglýsingar: Hverfisgötu 44. Símar 11660 86611
Afgreiðsla: Hverfisgötu 44. Sími 86611
Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611. 7 línur
Áskriftargjald 1000 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 50 kr. eintakið. Blaðaprent hf.

Við viljum nýja vinnulöggjöf

Þegar kjaradeilur og verkföll standa sem hæst er ekki óalgengt að umræður spinnist um vinnulöggjöfina og framkvæmd hennar í nútímaþjóðfélagi. Þó að flestir lýsi við slík tækifæri áhuga á breytingum í þessum efnum verður heldur lítið úr framkvæmdum þess á milli.

Við höfum búið við óbreytta vinnulöggjöf í hart nær fjörutíu ár. Á þessum tíma hafa orðið svo verulegar breytingar í atvinnumálum og reyndar búskaparháttum öllum að fæstum dylst nauðsyn

Ég hef fylgst með skrifum Stéttabaráttunnar um vinnulöggjöfina og væntanlegar breytingar á henni. Að mínu mati þá hefur afhjúpun Stb. á fyrirætlun atvinnurekenda og og afstöðu forystumanna Alþýðusamtakanna verið gott framlag til baráttunnar. Ég hef ekki orðið var við jafn góðar greinar í öðrum blöðum vinstri manna um þetta mikilvæga mál, og undanskil ég þá ekki neitt þeirra.

En við verðum að gera betur allstaðar er nauðsyn á baráttu gegn þessum svívirðilegu lögum sem eru í undirbúningi. Ég sendi ykkur hér úrklippu úr leiðara Vísis (25. 6. '76)

En hverjir eru þessir "við" sem viljum nýja vinnulöggjöf? Auðvitað eru það stóratvinnurekendurnir sem eiga Vísi (Kassagerðin, Hekla o. fl.) En við verkamenn og alþýðufólk viljum vinnulöggjöf atvinnurekenda feiga!

Fram til baráttu! Sig. G.

Svar frá Ritstj.

Við þökkum bréfið og notum tækifærið til að vekja athygli á nýúrkomnum bækling Verkalýðsforlagsins sem heitir: Gegn vinnulöggjöf auðvaldsins. Fæst í Rauðu Stjörnunni.

Nýlega fékk ég í hendurnar blað Málm og skipasmíðasambandsins (það heitir Málmur). Guðjón Jónsson, formaður félags járniðnaðarmanna skrifar grein í blaðið þar sem segir: "Fjöldamörgum félagsmönnum í verkalýðshreyfingunni hefur verið ljóst að árangur í kjarabaráttu verkalýðsfélaganna er tengdur því hvernig löggjafarvaldinu er beitt og í hvers höndum það er"... "Augljóst er því að kjarabarátta verkalýðsfélaganna er svo árangurslítil sem raun ber vitni vegna þess að andstæðingar verkalýðshreyfingarinnar og stefnu hennar ráða löggjafarvaldinu." ..."Löggjafarvaldið þarf því að færast í hendur fulltrúa verkafólks og samherja þess."

Undir þessi orð Guðjóns vil ég taka - nema hvað að til þess að verkalýðurinn geti sett lög sem þjóna hagsmunum hans þá þarf hann að taka völdin í þjóðfélaginu sjálfur, með byltingu. En það sem Guðjón boðar eru "alþýðuvöld" toppklíkunnar sem situr í hinum ýmsu stólum verkalýðshreyfingarinnar og þeirra flokka sem telja sig verkalýðssinnaða en eru ekkert annað en krataflokkar og svikapakk.

Járniðnaðarmaður.

Gerum STÉTTABARÁTTUNA að málgagni verkalýðsins

Frh. af baksíðu

og endurskoðunarsinnuð afstaða til þess, hvernig eigi að byggja vikublaðið upp. Sagt er, að áður en vikublaðið geti orðið að raunveruleika, þurfi "að koma upp eigin offset-prentsmiðju og öðrum tækjabúnaði fyrir framleiðslu og útsendingu blaðsins." og "að ráða til blaðsins starfskrafta til þess að hægt sé að gefa út vikublað." Hvort tveggja er að sjálfsögðu rétt, að því marki, að þetta þarf að byggja upp með tíð og tíma. En þetta eru ekki forsendur vikublaðsins. Þær eru pólitískar. Kommúnistar verða að læra af baráttuandanum í ritgerð Maó formanns "Heimski öldungurinn sem flutti fjöll", og ráðast í verkefnið með þeim tækjabúnaði sem við ráðum yfir í dag. Jafnvel þó það kosti, að útlit blaðsins verði rýrra, blaðsíðurnar færri og efnisúrval lélegra til að byrja með. Við verðum að setja fram vígorðið "treystum á eigin krafta" og byggja upp blaðið samkvæmt því. Við getum ekki keppt við auðvaldið á sviði fjármagns og tækjabúnaðar, við verðum að treysta á eigið starf, hugkvæmni og skipulagshæfni verkalýðsstéttarinnar og óbilandi baráttuanda kommúnistans. Þetta er því annað atþegar byggja skal upp baráttumálgagn stéttarinnar.

Með fjöldanum - fyrir fjöldann!

Verkafólk hefur ekki möguleika á að koma málefnum sínum á framfæri í borgarapressunni. Lífsreynsla þess og barátta gegn óréttlæti og kúgun þykir ekki fréttamatur þar. Það ríkir prentfrelsi að nafninu til en kostnaðurinn við útgáfu, einkaeign á prentsmiðjum og blöðum gerir það að verkum, að prentfrelsið er aðeins fyrir þá ríku. Hinir verða að þegja, nema þeir tali það sem lætur vel í eyrum borgarastéttarinnar. Því er það mikilsvert verkefni fyrir blað verkalýðsstéttarinnar að skapa verkafólki vettvang fyrir málefni sín og stéttar sinnar. Það verður aðeins gert með tíðari útkomu blaðsins og með því að hlusta á rödd fjöldans. En jafnvel þetta er ekki nægilegt. Kommúnistarnir verða að örva skrif verkafólks og herða baráttuna fyrir því að þagnarmúrinn sem umlykur líf þess og starf, verði rofinn. Hér nægir ekki að sitja með krosslagða arma og bíða eftir frumkvæði fjöldans, starfsmenn STÉTTABARÁTTUNNAR verða að fara út meðal fjöldans, afla fréttaritara á vinnustöðunum, skipuleggja félaga flokksins til að skrifa í blaðið og kynna sér persónulega baráttuna sem verið er að skrifa um. Við verðum að byggja upp net af fréttariturum og tíðindamönnum á vinnustöðunum og allsstaðar þar sem þess er kostur. Þetta er í hæsta máta pólitísk spurning og þessu verkefni verður að sinna af mikilli kostgæfni. Við verðum að starfa með fjöldanum og fyrir hagsmunum hans. Þetta er hið þriðja sem hafa verður í huga þegar ráðist er í það erfiða verkefni, að byggja upp baráttumálgagn verkalýðsstéttarinnar.

/KG.

Fiskifræði borgaranna

Í viðtali í Þjóðviljanum 24. júní sl. er það haft eftir Matthíasi Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra að menn megi ekki vera "of varkárir" í sambandi við friðun fiskistofnanna. Og engum myndi víst detta í hug að saka hann um "of mikla varkárni" hvað varðar stjórnun þorskveiðanna hér við land. Afstaða hans markast mest af því hvað hann sjálfur "álítur" eða "telur" að það megi veiða mikið en minna af útreikningum sérfræðinga sem gerðir eru á grundvelli víðtækra athugana og gagnasöfnunar. Þessi tilfinning hans um hver hámarksaflinn megi vera fellur líka furðuvel saman við gróðahagsmuni útgerðarauðvaldsins. Þeirra sjónarmið eru skammtímasjónarmið, sem mestur gróði á sem skemmstum tíma. Þó að það þyki fínt að skreyta sig með slagorðum um friðun og skynsamlega nýtingu fiskistofnanna á tyllidögum og fyrir kosningar tala verk þessara herra sínu máli.

Í Svörtu skýrslunni svonefndu setja fiskifræðingarnir upp áætlun um það hvernig mætti með friðarráðstöfunum fá að meðaltali um 500 þús. tonna ársafla af þorski af Íslandsmiðum með helmingi minni sóknarþunga en nú, eftir tiltölulega skamman tíma. Aðalatriði þessarar áætlunar eru:

1) Að 1973 árgangurinn (þe. þriggja ára þorskur) verði alfriðaður allt árið 1976, og dregið verulega úr sókn í eldri árganga.

2) Að heildaraflinn 1976 fari ekki yfir 230 þúsund tonn og að heildaraflinn 1977 fari ekki yfir 290 þúsund tonn.

Fiskifræðingarnir benda einnig á að ef þorskveiðum verði haldið áfram með núverandi sókn megi búast við ört minnkandi afla þegar eftir 2-3 ár og síðan hruni stofnsins.

Þessi skýrsla var unnin á árinu 1975. En það kom fljótlega í ljós að þetta var ekki það sem auðherrarnir vildu heyra. Þess vegna var fiskifræðingunum fengið það verkefni að spá fyrir um afleiðingar af ýmsum möguleikum. "Hvað gerist ef við tökum nú svona mikið", "eða svona mikið." Slíkum spurningum áttu fræðingarnir að svara. Í janúar lét ráðherra svo "nefnd um stjórnun fiskveiða" samþykkja 280 þúsund tonna leyfilegan hámarksafla af þorski 1976 og gat þess um leið að þetta væri ein þeirra leiða sem fiskifræðingar hafi bent á til verndunar þorskstofninum. Þannig væri fullvíst að öll friðunarsjónarmið væru í heiðri höfð.

Með vorinu bárust fiskifræðingum upplýsingar sem sýndu að ástandið væri jafnvel enn svartara en Svarta skýrslan hafði spáð, sumpart vegna þess að ábendingum þeirra um friðun 1973 árgangsins hafði ekki verið sinnt heldur hafði hann staðið undir afla togaranna, bæði breskra og íslenskra. Því ítrekuðu þeir þau varnarorð sín að það yrði að minnka sóknina í þorskstofninn strax. En þessi varnaðarorð þutu sem vindur um eyru ráðamanna. Í júní kom fram spá Þjóðhagsstofnunar þar sem gert var ráð fyrir 320 þús. tonna hámarksþorskafla í ár. Hinn alvitri Matthías hafði rök á reiðum höndum til réttlætingar þessari ákvörðun. Við skulum líta nánar á nokkur þeirra sem birtust í ofangreindu viðtali.

1) Ráðherrann kvaðst sannfærður um að okkur tækist að halda veiðunum næstu tvö ár innan þeirra marka sem Svarta skýrslan gerir ráð fyrir. Aðalástæðuna fyrir bjartsýni sinni sagði hann vera þá að: "Nú höfum við meiri stjórn á veiðunum en áður og þótt veiðin verði meiri 1976 en Svarta skýrslan gerir ráð fyrir má jafna það upp á árinu 1977."

Ráðherranum virðist ekki ljóst að ef tekin verða 320 þús. tonn af þessum 520 þús. tonnum strax á þessu ári standast forsendur Svörtu skýrslunnar alls ekki lengur. Jafnvel þingmenn og ráðherrar ættu að geta skilið það að þorskurinn stækkar og þyngist með aldrinum og það eru því fleiri fiskar í hverju tonni sem meðalaldurinn er lægri. Þess vegna er ekki hægt að "jafna upp" ofveiðina 1976 með því að veiða t.d. aðeins 200 þús. tonn 1977.

2) Ráðherrann vildi lítið tjá sig um hugsanlega endurnýjun á samingnum við breta, (Nú Efnahagsbandalagið) eftir 1.des.n.k. Þó nefndi hann þann möguleika að "samningur um gagnkvæmar veiðar " kæmi til greina. En hvað þýðir í raun "samningur um gagnkvæmar veiðar breta og íslendinga"? Jú, breskir togarar fá að veiða þorsk hér við land gegn því að íslenskir bátar fái að stunda síldveiðar í Norðursjó. Slík skipan myndi því á engan hátt minnka sóknina í þorskstofninn eins og ráðherrann gefur í skyn, heldur þvert á móti auka hana.

3) Þá dregur Matthías í efa að þorskstofninn sé nú í eins mikilli hættu og fiskifræðingar vilja vera láta. "Þetta eru ágiskunartölur og það líða tvö til þrjú ár þangað til það sanna kemur í ljós" segir ráðherrann. Sem dæmi um að slíkar "svartar skýrslur" hafi ekki verið á rökum reistar nefnir hann rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi. Fiskifræðingar hafi talið hann hætt kominn en aldrei hafi veiðst þar meira af rækju en nú.

Þarna láist ráðherranum að geta nokkurra "smáatriða". Þegar viðvörunarorð fiskifræðinga komu fram um hættu á ofveiði á rækju í Ísafjarðardjúpi voru eingöngu notuð "fótreipistroll" við veiðarnar en þau veiða mun minna en "bobbingatrollin" sem nú eru notuð, auk þess sem nú er hægt að toga á mun meira dýpi og á grýttari botni en áður. Aðvaranir sérfræðinganna miðuðust aðeins við þann hluta rækjustofnsins sem var á veiðanlegum stöðum en þau svæði hafa nú margfaldast. Hitt er staðreynd að vegna skipulagsleysis í rækjuveiðunum í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði er rækjan þar mun smærri og því verðminni en annars staðar á landinu.

Allur málflutningur ráðherrans stefnir að því einu að slá ryki í augu almennings. Það sé alls ekki verið að ofveiða fiskistofnana heldur séu þeir skynsamlega nýttir og fiskifræðingar viti svosem ekkert um stofnstærðir eða hættu á hruni stofna.

Það er athyglisvert hversu væg viðbrögð Þjóðviljans eru við þessum yfirlýsingum því Alþýðubandalagið hefur nú ætíð stært sig af því að það standi í fararbroddi í baráttunni fyrir verndun auðlinda landsins. Þessi afstaða Þjóðviljans á sér þó e.t.v. sínar skýringar.

Aðalforkólfur þeirra í sjávarútvegsmálum Lúðvík Jósefsson er nefnilega hjartanlega sammála Matthíasi. Í fjölmiðlum hefur Lúðvík jafnvel tekið harðari afstöðu með útgerðarauðvaldinu þar sem hann hefur marglýst því yfir að það sé ekki um að ræða offjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi, heldur sé nú brýn nauðsyn að stækka flotann enn meir til að góður afli fáist. Þessir fulltrúar borgaranna á Alþingi vilja alls ekki að "of mikil varkárni" sé viðhöfð í fiskveiðum okkar. Þeir beita allskyns blekkingum og lygum til verndar stéttarhagsmunum sínum. En þeirra hagsmunir eru ekki hagsmunir alþýðunnar og hún mun eftir sem áður berjast gegn allri rányrkju borgaranna á miðunum

Rvk. 20.7. '76

Öryggismál í Straumsvík

Í Þjóðviljanum hefur undanfarið mátt lesa greinar um öryggismál og vinnuaðstöðu í álverinu í Straumsvík. Annarsvegar voru viðtöl við Sigurð T. Sigurðsson, trúnaðarmann í Kerskála, og hins vegar svör forráðamanna fyrirtækisins við ásökunum Sigurðar. Það er almennt álit verkamanna í Álverinu að frásögn Sigurðar hafi bæði verið rétt og sanngjörn.


Forráðamenn fyrirtækisins sögðu að erfitt væri að bæta úr skorti á kerplötum og kæmi þar einkum til að mannskapurinn væri svo kærulaus að hann eyðilegði kerplöturnar með því að aka uppá þeim. Það veit hver einasti verkamaður í kerskála að það er ekki hægt að vinna t.d. við skautskiptingu eða skurnbrot öðruvísi en að aka upp á kerplötunum.

Aumlegra svar en það sem forráðamennirnir gáfu við spurningu um orsök slyss sem varð er maður ók ofaní op milli gólfs og kers er ekki hægt að hugsa sér: "Það var óþarfi hjá manninum að aka ofaní þar sem kerplötu vantaði".

Forráðamennirnir gera lítið úr þeirri hættu að leitt geti á milli kerja og menn slasast af rafstraumi. Sú hætta sem stafar af vatnsleka og rökum verkfærum er alls ekki ofgerð í viðtalinu við Sig. T. Sigurðsson, heldur þvert á móti.

En eitt mættu forráðamenn álversins vita, að oft hefur kæruleysi þeirra gagnvart lífi verkamanna í Álverinu nærri orsakað stórslys. Ég skal hér tilfæra eitt nýlegt dæmi: Krani sem notaður er í Skautsmiðju við að hífa forskaut á vagna bilaði. Stálvírinn í krananum var nærri í sundur, og verkamenn á þeirri vakt sem uppgötvuðu þetta hættu vinnu við kranan, og kröfðust þess að kranin væri lagfærður. Verkstjórinn hafði það að engu, og kvað viðgerð vel geta beðið næsta dags. Engar ráðstafanir voru gerðar til að koma í veg fyrir að kranin væri notaður, og þegar næsta vakt mætti fékk hún engin skilaboð um að kranin væri bilaður. Skömmu eftir að vinna hófst slitnaði vírinn, og minnstu munaði að stórslys yrði. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það vítaverða kæruleysi um öryggismál sem forráðamenn fyrirtækisins sýna gagnvart verkamönnum. En eins og kom fram í grein Sig. T. í Þjóðviljanum eru menn orðnir langþreyttir á að líf þeirra sé haft að leikfangi í höndum manna sem einungis hugsa um gróða sinn. Þess er ekki langt að bíða ef svo fer sem horfir að verkamenn grípi fyrir alvöru til verkfallsvopnsins.

-/Verkamaður í Álverinu.



... í stuttu máli

Síonismi = Fasismi

Ísrael hefur í æ ríkari mæli treyst sambönd sín til að brjótast út úr vaxandi einangrun á alþjóðamælikvarða. Ísrael veitir þessum ríkjum hernaðaraðstoð og á við þau mikil viðskipti. Leiðtogi S-Afríku, Vorster, var í opinberri heimsókn í Ísrael í apríl sl., og var honum fagnað sem góðum vini, sönnum lýðræðisvini og fánabera vestræns frelsis. Fjölmiðlar í Ísrael forðuðust eins og heitan eldinn að minnast á að minnihlutastjórn Vorsters heldur milljónum negra í kúgun, og ber niður með hervaldi allar tilraunir af hálfu þeirra til að ná rétti sínum. M.a. lagði Vorster krans frá ríkisstjórn S-Afríku að minnismerki um fórnarlömb nasismans í Yad Vasem, og í ísraelskum blöðum var því slegið upp að hann hefði sagt með tárin í augunum: "Það er ofar mínum skilningi hvernig svona lagað getur skeð", og hann á að hafa fordæmt gyðingaofsóknir nasista. Það var ekkert minnst á það í Ísrael að Vorster hefði setið í fangelsum breta á stríðsárunum vegna stuðnings við þýska nasismann. Sú afstaða PLO að síonisminn sé ein tegund nasisma er greinilega rétt.

Forsetakosningar í USA, miljónafyrirtæki.

Hið margrómaða bandaríska lýðræði fer nú fyrir fullum seglum og einokunarhringarnir kynna fólkinu frambjóðendur sína. Það er ekkert leyndarmál að það eru stórfyrirtækin sem borga sýninguna, enda eru þau einu aðilarnir sem hafa hag af tilstandinu. Þó svo að það "afhjúpist" við og við að einokunarhringarnir borgi frambjóðendunum, og þótt "heiðarleg" borgaraleg blöð telji það hneyksli er það vitnast, þá eru peningar þessir óaðskiljanlegur hluti bandarískra forsetakosninga.

Síðustu forsetakosningar kostuðu rúmlega 40 milljón dollara og um það bil 300 einokunarfyrirtæki dældu fé í sjóðina hjá sínum frambjóðendum.

En þrátt fyrir þessar geysilegu fjárfúlgur og hamagang þá hefur bandarískur verkalýður fyllst viðbjóði á öllu saman. Aðeins 54,5% atkvæða skiluðu sér í kjörkassana 1972, og það er búist við enn minni þátttöku í væntanlegum kosningum.

-/hh

ÚR EINU Í ANNAÐ

Fjölmiðlar og alþýða manna hafa mikið furðað sig á öllum þeim hasar sem er í kringum Ólympíuleikana. Borgarablöðin hamast gegn þriðja heiminum fyrir að "reyna að breyta Ólympíuleikunum í pólitíska þrassamkundu". Samkvæmt Ólympíuhugsjóninni eiga leikarnir að vera vettvangur samstarfs, bræðralags vináttu og friðar. En orsök þess hversu komið er í dag er sú, að alþjóðlegt bræðralag og samstarf er ekki til á tímabili heimsvaldastefnunnar. Þriðji heimurinn sem er arðrændur af heimsvaldsríkjunum og sérstaklega risaveldunum tveimur, veit sem er, að það arðrán er miskunnarlaust og grimmt og ekki er skirrst við að beita þvingunum af öllu tagi. Heimsvaldastefnan fer með stríð á hendur þriðja heiminum og reynir allt sem hún getur til að sporna á móti sjálfstæði og efnahagslegu jafnrétti ríkja heimsins.

En það er söguleg staðreynd að í dag er kúguð alþýða alls heimsins að rísa upp til baráttu fyrir frelsi og sjálfstæði, og þessi barátta sem stendur gegn heimsvaldastefnunni endurspeglast á Ólympíuleikunum jafnt sem á Sameinuðu þjóðunum. Það er á alþjóðlegum vettvangi sem baráttan geisar jafnt sem á þjóðlegum, og baráttan gegn leppríkjum heimsvaldaríkjanna Ísrael og S-Afríku, Formósu og Rhodesíu, verður m.a. unnin með því að einangra þessi ríki alþjóðlega og þá útiloka þau frá þátttöku í alþjóðlegum stofnunum og mótum.

Höfuðhreyfingin í heiminum í dag er, að þjóðir vilja frelsi, lönd vilja sjálfstæði, og alþýða vill byltingu. Þessi barátta stendur gegn heimsvaldastefnunni í öllum hennar myndum, og því skyldu menn ekki furða sig á því þó ekki sé algert bræðralag og vinátta milli þriðja heimsins og heimsvaldaríkjanna á Ólympíuleikunum.

Eins og skýrt hefur verið frá í Stéttabaráttunni hefur pólskur verkalýður risið upp til baráttu á ný gegn skriffinnskuborgarastéttinni sem mergsýgur hann. Undanfarnar vikur hefur geisað hatrömm verkfallsbarátta gegn verðhækknum og kjaraskerðingum, verksmiðjur hafa verið herteknar af verkafólkinu, fjölmennir mótmælafundir hafa verið haldnir, og samgöngur hafa verið truflaðar í mótmælaskyni.

En á sama tíma og þessi barátta hefur geisað hélt borgarastétt Póllands í samvinnu við Sovétmenn og aðra endurskoðunarsinna æskulýðsþing í Varsjá þar sem útbreiða átti lygarnar um "slökun spennu í heiminum" og yfirburði "sósíalisma" sovétmanna. Á þessu þingi mátti finna vinstrimenn allrahanda, allt frá framsóknarmönnum og krötum til trotskýista. M.a. sendi Fylking "byltingarsinnaðra kommúnista" fimm fulltrúa til þingsins. Þar kemur eðli Fylkingarinnar greinilega í ljós. Á sama tíma og verkalýður Póllands rís upp til baráttu gegn auðvaldinu sem mergsýgur hann, eru Fylkingarfélagar í Póllandi í boði auðvaldsins. Þegar Fylkingin er búin að kynnast því hversu borgarastétt Póllands veitir vinum sínum trotskýistunum vel bjór og aðrar góðgerðir lýsir hún sennilega yfir í Neista að "við verðum að verja Pólland því þrátt fyrir allt er það sósíalískt verkalýðsríki." Þannig eru trotskýistar: Þeir starfa allsstaðar með afturhaldinu og vinna í þágu þess. Í Vietnam unnu trotskýistar með japanska fasismanum í stríðinu, í Albaníu með þýska fasismanum, í Palestínu með sionismanum. Á sama hátt er Fylkingin á Íslandi einn af helstu stuningsaðilum sovéska fasismans, og svarin óvinur alþýðunnar. Gorgeir

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Gerum STÉTTABARÁTTUNA að málgagni verkalýðsins

Kommúnistaflokkur Íslands m-l stendur nú frammi fyrir því erfiða verkefni, að byggja upp raunverulegt málgagn verkalýðsins, málgagn sem er þess megnugt að tengja baráttu stéttarinnar saman, miðla reynslunni af einstökum aðgerðum fjöldans og skipuleggja stéttina alla til sameinaðrar baráttu gegn auðvaldsþjóðfélaginu.
Í stefnuskrá KFÍ/ML er því slegið föstu, að barátta stéttarinnar sé "í smáum stíl og óskipulögð" í dag. Verkefni flokksins er að vinna að því að efla baráttu stéttarinnar, sameina hana til voldugs átaks gegn arðráni og kúgun. Vopn okkar í þessari baráttu er fyrst og fremst STÉTTABARÁTTAN.

Lærum af gagnrýni fjöldans!

Verkafólk hefur margoft lagt fram gagnrýni sína á blaðið og bent á, að margar greinar eru of fræðilegar og stirðar og að blaðið megni ekki að fylgjast með þeirri baráttu sem fram fer á vinnustöðunum.
Í þessu efni hefur vissulega margt áunnist þegar, og blaðið hefur breyst mikið til batnaðar. En þó skortir enn á að blaðið gegni hlutverki sínu á réttan hátt. Aðallega stafar þetta af því, að við höfum ekki hlustað nægilega á gagnrýni fjöldans og fært hana meðvitað fram í pólitísku starfi okkar. Enn eru of margar fræðilegar greinar, of margar skilgreiningar og yfirlitsgreinar yfir liðna atburði. Og enn eru of margar greinar um erlent efni. Erlent efni er vissulega þýðingarmikið, en þátttaka og leiðsögn í þeirri baráttu sem á sér stað á Íslandi er langtum þýðingarmeira.
Kommúnistar verða að læra að hlusta á fjöldann og veita kröfum hans pólitískan slagkraft, öðru vísi verða þeir ekki færir um að leiða baráttu hans. Þetta er því hið fyrsta sem gera verður til þess að hægt sé að gera STÉTTABARÁTTUNA að raunverulegu málgagni stéttarinnar, að sameiginlegum skipuleggjara, áróðurs- og útbreiðslutæki í þjóðfélagslegri baráttu hennar.

Treystum á eigin krafta!

Í síðasta tbl. STÉTTABARÁTTUNNAR er því réttilega slegið fram, að frumskilyrði þess, að blaðið geti orðið málgagn stéttarinnar í réttum skilningi, sé að það komi a.m.k. vikulega út. Að öðrum kosti sé ekki mögulegt að fylgja baráttunni eftir og skipuleggja hana með blaðinu. En samtímis er lögð fram röng

Framhald á síðu 6.

Vegið að lífskjörum smábænda

Kreppan er nú farin að segja rækilega til sín í íslenskum landbúnaði. Auðvaldið mætir auknum erfiðleikum eins og ævinlega með því að þyngja byrðarnar á þeim sem verst eru settir, í þetta skipti minni bændum.
Nýlega ákvað Stofnlánadeild landbúnaðarins að taka upp vísitölutryggingu á landbúnaðarlánum. Lán til útihúsbygginga og ræktunarframkvæmda í sveitum verða framvegis verðtryggð að einum fjórða og helmingur af lanum til dráttavélakaupa.
Þessi ákvörðun stjórnarflokkanna kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir bændur. Ekk Ekki bætir úr skák að seinasta ár fengust yfirleitt ekki lánveitingar frá Stofnlánadeildinni sem sögð var fjárvana. Kaupfélögin hafa einnig verið lokuð fyrir lánsumsóknum bænda undanfarið. Þetta áfremdarástand hefur valdið miklum erfiðleikum meðal minni bænda sem hafa úr engum umframeignum að spila.
Þeir sem lögðu í framkvæmdir á seinustu veltiárunum geta nú ekki haldið áfram og er rek-

frh. bls. 6

Skrifið sem minnst um þetta

—segir formaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins um verðtryggingu landbúnaðarlána



— Ég vil ekki tjá mig um hver mín persónulega afstaða var við afgreiðslu þessa máls í stjórn Stofnlánadeildarinnar. Það er best fyrir okkur, sem að þessum málum vinnum, að blöðin séu

Er Framsókn orðin hrædd við andstöðu bænda við kúgunarráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Skattaálögur stórauknar

Enn einu sinni er skattskráin komin út. Hneyksli ársins hrópar Þjóðviljinn og ærist yfir vondu lögfræðingunum og heildsölunum. "Nú vantar bara vinstri stjórn". En er málið eins einfalt og Þjv. vill vera láta. Er misréttið að kenna vondri ríkisstjórn og klókum lögfræðingum? Er lausnin ný ríkisstjórn? Alls ekki. Það eru ekki "gloppur" í kerfinu sem valda stórfelldum skattsvikum auðmannanna og aukinni skattabyrði almennings. Kerfið er miðað við þetta. Helstu skattsvikararnir eru meðal forkólfa burgeisastéttarinnar og þeir setja lögin í samræmi við sína hagsmuni. Það er ósköp eðlilegt að alþýðan þurfi af sultarlaunum sínum að greiða þrefalt meira í gjöld heldur en milljónafyrirtækin samanlagt, ef við höfum í huga að ríkisvaldið er ekki okkar vald. Það er tæki burgeisastéttarinnar, atvinnurekendanna og heildsalanna.

Aukin skattpíning

Skattskráin nýja boðar stórlega auknar álögur á alþýðu manna. Einstaklingar skulu nú greiða samtals í gjöld 10,3 milljarði króna sem er 43,58% hækkun frá því í fyrra. Á þessum sama tíma hafa rauntekjur alþýðuheimilanna stórminnkað og kaupið étist upp í hít verðbólgunnar. Alþýðunnar bíða því erfiðir tímar. Þessar ósvífnu skattaálögur eru enn eitt dæmi þess að auðvaldið hyggst koma sér út úr efnahagsörðugleikunum með því að ráðast að lífskjörum almennings. Kaupmáttur almennings er minnkaður til að auka veltufjármagn burgeisanna. En þessi aðferð yfirstéttarinnar er tvíbent. Einhverjir verða að kaupa vörurnar og minkun kaupmáttar hefur óhjákvæmilega samdrátt í framleiðslunni í för með sér. Auðvaldið er flækt í sínu eigin neti. En nú reynir það þau ráð sem kúgarastéttir hafa ætíð reynt, að ráðast á lífskjör alþýðunnar til að bjarga eigin skinni.

Skattlaus gróði

Fátt afhjúpar misréttið í þjóðfélaginu betur en skattskráin. Fátt sýnir betur stéttareðli ríkisins. Tökum nokkur dæmi. Ríki og borg gera einstaklingum að greiða rúmlega 10 milljarði í opinber gjöld. Fyrirtæki sleppa með 3,4 milljarði. Hundruð fyrirtækja eru tekjuskattslaus. Í fyrra voru þau 432 með um 20 milljarða veltu. Tap ríkisins þá nam 3-4 milljörðum. Samanburður sýnir að nú losni fyrirtæki við að greiða tæplega 7 milljarði til ríkisins í tekjuskatt. Sú upphæð losar ríflega upphæð tekjuskatts allra einstaklinga í landinu.
En hvernig fara fyrirtækin að þessu? Notfæra þau sér gloppur í skattakerfinu? Nei. Kerfið er einmitt sniðið að gróðahagsmunum auðherranna. Reglur þess gera ráð fyrir skattfrjálsum hagnaði auðfyrirtækjanna. Eftirfarandi dæmi sýna það glögglega. Frá dögum Viðreisnarstjórnarinnar alræmdu hefur fyrirtækjum og hlutafélögum verið boðið upp á flýtifyrningu. Samkvæmt því geta þau afskrifað á hverju ári um 30% af upphaflegri fjárfestingu. Ef þau skipta um eignir á 4ra ára fresti geta þau stöðugt haldið áfram afskriftunum og náð út stórgróða þrátt fyrir að bókhaldstölurnar sýni bullandi tap. Þessi fríðindi hafa margir auðmenn notað sér til hins ýtrasta; eru þar sérlega gróf dæmi um úr sjávarútveginum.
Fyrirtækjum er einnig heimilt að leggja 25% af gróða sínum í varasjóð og er sú upphæð ekki sköttuð. Ennfremur geta þau fengið frádrátt að vild vegna vaxtagjalda og skulda.
Þetta eru aðeins örfáar af þeim leiðum sem auðfyrirtækin geta farið til að losna undan skattaálögum. Hér er ekki verið að leika á skattalögin, heldur verið að notfæra sér reglur þeirra. Þetta skýrir etv. út hversvegna milljónafyrirtæki eins og Almannatrygg ingar og Mál og Menning borga ekki eyri í tekjuskatt.

Afstaða kommúnista

Þær brýnustu kröfur sem kommúnistar hljóta að setja fram í þágu verkalýðs og vinnandi alþýðu hvað varðar skattamál eru:
1. Skattar á laun lágtekjufólks verði afnumdir.
2. Óbeinir neysluskattar á nauðsynjavörur verðir afnumdir.
3. Skattfríðindum auðmanna og auðfyrirtækja verði útrýmt og stighækkandi sköttum komið á í raun. Auðvaldið borgi sína eigin kreppu.
Þessum kröfum verðum við að fylgja fast eftir jafnt í pólitísku baráttunni sem og kjarabaráttunni. Það gefur auga leið að kauphækkanir eru lítils virði ef þeim er eytt jafnóðum með hækkuðum sköttum. Það verður jafnframt að vera ljóst að misréttið og skattpíningin á láglaunafólk verður ekki "lagfært" eftir leiðum þingræðisins og með stuðningi "velviljaðrar" ríkisstjórnar. Ríkisvaldið á Íslandi í dag er út og í gegn kúgunartæki yfirstéttarinnar. Það er alltaf notað til að níðast á kjörum alþýðunnar hvaða flokksnafn sem ráðherrarnir bera. Það er aðeins eftir leiðum fjöldabaráttunnar og baráttusamfylkingar sem árangur getur náðst í baráttu vinnandi alþýðu til varnar hagsmunum sínum.

-/MVS

ENGAR TEKJUR HJÁ MÁLI OG MENNINGU?

Undanfarið hefur Þjóðviljinn gert sér tíðrætt um hið umtalaða skattleysi stórfyrirtækja. Hefur verið blásið í herlúðra á síðum Þjv. gegn þessum ósóma Þó kvað við eilítið fölskum tón hér um daginn, þegar afhjúpanir blaðsins lentu á þeim sem síst skyldi, sjálfu óskabarni íslenskra alþýðubandalagsmanna, Mál og Menningu. Þjv. ljóstraði því nefnilega upp að þessi stærsta bókaverslun landsins greiðir ekki eyri í tekjuskatt. Hvernig skyldi standa á því? Mann fer að gruna að yfirlýstur heiðarleiki Alþýðubandalagsins og fyrirtækja þess sé aðeins á yfirborðinu. Undir niðri sé sama fjármálaspillingin og úrkynjunin og hjá öðrum gróðafyrirtækjum.

M.

Fátæklingur?

Ekki lítur hann út fyrir að vera neinn fátæklingur þessi. En skattskráin lýgur ekki. Og hún segir: Kristni Finnbogasyni, framkvæmdastjóra Tímans og fjáraflamanni með meiru, skal gert að greiða til ríkis og bæjar alls kr. 326.037. Hér getur aðeins verið um tvennt að ræða. Annað hvort eru öll fjársvikamálin sem Kristinn er tengdur við að gera hann gjaldþrota eða að eitthvað er bogið við skattframtalið. En því trúum við náttúrulega ekki um svona heiðursmann. Hægri hönd dómsmálaráðherrans getur varla gert svoleiðis.

M.



Kristinn Finnbogason í góðum félagsskap.

Gerist áskrifendur

Ég óska að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI

Frá og með tbl. . . . .

☐ Baráttuáskrift 3000.- kr. fyrir 24 tbl.
☐ Stuðningsáskrift 2400.- kr. fyrir 24 tbl.
☐ Venjuleg áskrift 1800.- kr. fyrir 24 tbl.

Nafn: . . . .

Heimilisfang: . . . .

Sendið miðann til STÉTTABARÁTTUNNAR, Pósthólf 1357

